

Ársskýrsla 2022



Ársskýrsla 2022

Efnisyfirlit

04	Formáli forstjóra
06	Hlutverk Persónuverndar
08	Fjárreiður Persónuverndar
09	Skipulag Persónuverndar á árinu 2022
12	Persónuvernd í tölum
14	Árið í hnotskurn
17	Úrlausnir í frumkvæðismálum
18	Úrlausnir í kvörtunarmálum
32	Álit, umsagnir, erindi og fleira
37	Ítarleg umfjöllun um tvö mál
38	Erlent samstarf



Formáli forstjóra

Helga Þórisdóttir,
forstjóri Persónuverndar

Verkefnastaðan hjá Persónuvernd

Árið 2022 færði Persónuvernd mörg ný verkefni auk þess sem traustum mannskap hennar tókst enn eitt árið að ná miklum árangri í afgreiðslu mála. Nýskráð mál á árinu voru 2.160. Við þessa tölu bættust óafgreidd mál frá fyrri árum og heildarfjöldi mála til meðferðar hjá Persónuvernd árið 2022 var því 2.731 mál. Á árinu lauk Persónuvernd 2.290 málum, en óafgreidd mál við árslok 2022 voru 441 talsins.

Heildarfjöldi mála hefur dregist ögn saman frá árinu 2020, þegar nýskráð mál voru flest rúmlega 2.500 talsins. Þessi fækkun á sér ákveðna skýringu. Annars vegar hefur verið lögð mikil vinna í að auka fræðslu á vefsíðu í þeim tilgangi að fækka almennum fyrirspurnum sem berast stofnuninni. Hins vegar var gerð breyting á þeirri reglu að allar umsóknir til Vísindasiðanefndar eða siðanefnda heilbrigðisrannsókna um vísindarannsóknir ættu að berast Persónuvernd til umsagnar. Voru þessar umsóknir 527 árið 2021 en 448 árið 2022. Sú breyting hefur nú verið gerð að minni háttar breytingar á rannsóknaráætlunum eru nú einungis tilkynningarskyldar til siðanefnda og koma ekki lengur til umsagnar

hjá Persónuvernd. Persónuvernd hefur hins vegar einnig óskað eftir frekari breytingum á lagaumhverfi vísindarannsókna í því skyni að draga úr álagi hjá stofnuninni, en það er mat Persónuverndar að stofnunin ætti einungis að fá til sín stærri rannsóknir og rannsóknir þar sem t.d. er undir samkeyrsla stærri gagnagrunna eða genarannsóknir.

Á það skal hins vegar bent í þessu sambandi að kvörtunum fjölgaði milli árána 2021 og 2022 og enn er staðan sú að Persónuvernd nær ekki að sinna mikilvægum lögbundnum verkefnum. Eitt af þeim varðar mál í svokölluðu IMI-kerfi, sem er samræmt samvinnukerfi persónuverndarstofnana á EES-svæðinu. Hér er um að ræða mál sem gætu varðað mikla hagsmuni íslenskra ríkisborgara, aðallega vegna starfsemi fyrirtækja á EES-svæðinu sem vinna persónuupplýsingar landsmanna, sem brýnt er að sinna. Persónuvernd er því enn undirmönnuð og hefur því ekki getað sinnt öllum sínum lögbundnu verkefnum.

Stafræn framtíð Evrópu

Á þeim tímamótum þegar Evrópa fagnar fimm ára afmæli hinnar evrópsku persónuverndarlöggjafar er kynnt til sögunnar á vettvangi

Evrópusambandsins ný löggjöf á sex sviðum, sem tryggja á stafræna framtíð Evrópu (e. The Digital Services Act Package). Markmið þessara gerða er annars vegar að skapa öruggara stafrænt umhverfi þar sem grundvallarréttindi notenda eru tryggð. Hins vegar er stefnt að því að tryggja jarðveg fyrir nýsköpun, vöxt og samkeppnishæfni, bæði á innri markaði EES sem og hnattrænt. Fyrir liggur mat um að þessar gerðir falli allar undir EES-samninginn og verði þar með teknar inn í íslenska löggjöf. Þessi löggjöf hefur sterkan snertiflöt við starfsemi Persónuverndar – hún varðar gögn sem rekjanleg eru til einstaklinga og öryggi þeirra, meðal annars heilbrigðisupplýsingar. Miklu máli skiptir að vandað sé til verka við innleiðingu á þessari löggjöf hérlendis og tryggt að verkefni á þessum sviðum fari til þeirra stofnana sem besta sérþekkingu hafa til að tryggja að unnt sé að hlúa að stafrænum íslenskum hagsmunum, bæði fyrir einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir.

Gögnin: Eldsneyti gervigreindar

Persónuupplýsingar eru allar upplýsingar sem hægt er að rekja til einstaklinga. Þetta geta verið upplýsingar um heimilisfang og símanúmer, en þetta geta einnig verið upplýsingar um langanir og þrjár einstaklinga, hegðunarmynstur þeirra, netnotkun, kauphegðun, pólitískar skoðanir og heilsufar.

Markaðurinn fyrir persónuupplýsingar er stór og mörg stærstu fyrirtæki heimsins byggja afkomu sína beint eða óbeint á vinnslu þeirra. Margir sérfræðingar telja að gögn, þar með talið persónuupplýsingar, séu verðmætasta auðlind heims. Því er stundum talað um persónuupplýsingar sem hina nýju olíu. En hvað getur þessi nýja olía knúið? Gervigreind þarf í flestum tilvikum að styðjast við mikið magn gagna til þess að geta lært og í mörgum tilfellum er um persónuupplýsingar að ræða. Því má segja að eldsneyti gervigreindarinnar sé að vissu leyti hin nýja olía – þ.e.a.s. gögnin – sem síðan eru oft persónugreinanleg.

Persónuverndarlöggjöfin er í eðli sínu tæknilega hlutlaus, þ.e. hún gildir um vinnslu persónuupplýsinga, óháð því hvaða tækni er nýtt til vinnslunnar. Hún gildir því einnig um vinnslu persónuupplýsinga í þágu gervigreindar. Einkum má hugsa sér tvenns konar aðstæður þar sem á þetta reynir. Annars vegar þegar persónuupplýsingar eru notaðar til að þjálfra gervigreindina. Hins vegar reynir á reglur persónuverndarréttarins þegar gervigreind er falið að taka ákvarðanir um réttindi og skyldur einstaklinga. Við þessar aðstæður gilda persónuverndarlögin. Það eru ekki allir sem átta sig á því!

Séu persónuupplýsingar að einhverju marki nýttar við þróun eða notkun gervigreindar þarf í hvívetna að huga að öllum kröfum persónuverndarlaga frá upphafi. Þetta er kjarni reglunnar um innbyggða persónuvernd, sem er lögfest. Þegar gervigreind vinnur viðkvæmar persónuupplýsingar, t.d. um heilsufar eða stjórnmálaskoðanir, gerir löggjöfin enn ríkari kröfur til vinnslunnar.

Þrátt fyrir að gervigreind færi okkur óteljandi tækifæri, þá þarf að huga að því að hún brjóti ekki samhliða því í bága við grundvallarréttindi okkar til friðhelgi einkalífs. Gervigreind og persónuvernd eru ekki andstæðir pólar – það er hægt að þróa og nota gervigreind, en huga á sama tíma að því að einstaklingar njóti einkalífsverndar. Það er á ábyrgð þeirra sem þróa og nota gervigreindarkerfi að finna leiðir til þess, en persónuverndarlöggjöfin ætti ávallt að vera vegvísirinn.

Gervigreind á íslenskum vinnumarkaði


Heyrst hefur af því að hérlendis sé nú þegar farið að nýta gervigreind á vinnustöðum til að meta hæfni og framleiðni starfsmanna. Tæknin býður upp á gríðarlegt inngríp í líf fólks en svo dæmi sé tekið er nú mögulegt að greina andlega líðan og almennt ástand fólks út frá svipbrigðum, raddbeitingu og áslætti á lyklaborð. Ábyrgðaraðilar á íslenskum vinnustöðum þurfa að gera sér grein fyrir því að hafi ábyrgð einhvern tíma fylgt valdi, þá gildir það í þessu umhverfi. Gera má ráð fyrir að rýni á starfsmönnum með aðstoð tækni, hvort sem um ræðir gervigreind eða annars konar tækni, falli undir persónuverndarlög, og ljóst er að hér þarf í hvívetna að virða grundvallarréttindi einstaklinga.

Hlutverk Persónuverndar

Meginhlutverk og verkefni Persónuverndar

Persónuvernd er sjálfstæð stofnun með sérstaka stjórn og verður ákvörðunum hennar samkvæmt lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, ekki skotið til annarra stjórnvalda.

Markmið persónuverndarlaga er að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs. Þá er þeim jafnframt ætlað að tryggja öryggi, áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga og frjálst flæði þeirra á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.



Persónuvernd eru jafnframt falin verkefni og vísað til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga í á annað hundrað lagabálkum og stjórnvaldsreglum, sem fjölga jafnt og þétt.

Gildi Persónuverndar eru þekking, trúverðugleiki og fagmennska. Allt innra og ytra starf stofnunarinnar einkennist af þessum gildum og er unnið af samheldnum og traustum mannauði.



Fjárreiður Persónuverndar

Fjárveitingar til Persónuverndar námu á fjárlögum 2022 samtals 332,7 milljónum króna, tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára nam 2,4 milljónum og ýmsar tekjur voru 1,4 milljón. Til ráðstöfunar á árinu voru því samtals 336,5 milljónir en gjöld stofnunarinnar námu alls 322,5 milljónum.

Rekstrarafkoma ársins nam 14 milljónum króna og hrein eign var í lok árs jákvæð um 3,6 milljónir. Um áramótin 2022-2023 voru 22 á launaskrá hjá Persónuvernd og ársverkin hjá stofnuninni voru 18,8 á árinu 2022. Skýrsla þessi, sem birt er samkvæmt 16. tölul. 4. mgr. 39. gr. laga nr. 90/2018 og 71. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, er tuttugasta og önnur ársskýrsla Persónuverndar.



Skipulag Persónuverndar á árinu 2022

Forstjóri

Helga Þórisdóttir, lögfræðingur

Skrifstofa

- Bjarni Freyr Rúnarsson, starfandi sviðsstjóri öryggis og úttekta (frá ágúst)
- Helga Sigríður Þórhallsdóttir, sviðsstjóri eftirlits
- Svava Björg Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri rekstrar
- Valborg Steingrímsdóttir, sviðsstjóri öryggis og úttekta (í leyfi frá ágúst)
- Vigdís Eva Líndal, sviðsstjóri erlends samstarfs og fræðslu, staðgengill forstjóra
- Þórður Sveinsson, yfirlögfræðingur

Stjórn Persónuverndar

Aðalmenn

- Ólafur Garðarsson, hæstaréttarlögmaður, stjórnarformaður
- Björn Geirsson, forstöðumaður
- Vilhelmína Haraldsdóttir, læknir
- Þorvarður Kári Ólafsson, fagstjóri

Varamenn

- Kristín Edwald, hæstaréttarlögmaður
- Sindri M. Stephensen, dósent
- Sveinn Magnússon, læknir
- Jónas Sturla Sverrisson, öryggisstjóri
- Vera Sveinbjörnsdóttir, lögfræðingur



Persónuvernd

Rauðarárstígur 10, 105 Reykjavík

Sími 510 9600

www.personuvernd.is


postur@personuvernd.is

Á vefsíðu Persónuverndar er m.a. að finna:

- Algengar spurningar um persónuvernd og svör við þeim.
- Leiðbeiningar fyrir einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir.
- Eyðublöð fyrir kvartanir og leyfisumsóknir.
- Hlekk á tilkynningargátt vegna öryggisbresta.
- Helstu fréttir varðandi persónuvernd, bæði innlendar og erlendar.
- Lög nr. 90/2018 ásamt reglum sem stofnunin hefur sett og ýmsar upplýsingar sem lúta að starfsemi hennar.
- Úrlausnir Persónuverndar.
- Upplýsingar um símatíma lögfræðinga.

Skipurit Persónuverndar


Skipurit Persónuverndar og innra skipulag tekur mið af þeim lögum og reglum sem stofnuninni eru falin framkvæmd og eftirlit með. Samkvæmt skipuritinu er um þrjú megin svið að ræða, auk kjarnastarfsemi, þ.e. öryggi og úttektir, eftirlit og erlent samstarf og fræðsla. Kjarnastarfsemi lýtur að starfi forstjóra, rekstri stofnunarinnar og skjalavörslu. Þá starfar yfirlögfræðingur Persónuverndar þvert á megin svið hennar eftir þörfum.



Málefnasvið Persónuverndar

Helstu málaflokkar sem falla undir eftirlit Persónuverndar hafa verið settir fram með flæðiriti um málefnasvið stofnunarinnar - með hliðsjón af því að öll vinnsla persónuupplýsinga, hjá fyrirtækjum, opinberum aðilum, sveitarfélögum og öðrum, fellur undir eftirlit stofnunarinnar.

Á málefnasviðinu eru helstu flokkar rafrænt eftirlit og vöktun, tækni og nýsköpun, samfélagsmiðlar og markaðssetning, rannsóknir og leyfi, heilbrigðismál, börn og viðkvæmir hópar, fjármál, réttindi einstaklinga, vottanir og hátternisreglur, reglusetning og lagaumhverfi, netöryggi og löggæsla.





Persónuvernd í tölum

Óafgreidd mál frá fyrri árum


571


Nýskráð mál

2.160

Lokin mál

2.290





Árið í hnotskurn

Helstu viðburðir tengdir starfsemi Persónuverndar árið 2022

6. janúar 2022

Franska persónuverndarstofnunin (CNIL) sektar Google um samtals 150 milljónir evra og Facebook um 60 milljónir evra fyrir að brjóta persónuverndarlög þar í landi með notkun á vefkökum.

7. janúar 2022

Persónuvernd birtir leiðbeiningar um innleiðingu upplýsingatæknikerfa til að vinna með persónuupplýsingar barna. Leiðbeiningarnar eru settar fram með hliðsjón af ákvörðun stofnunarinnar um notkun Reykjavíkurborgar á Seesaw-nemendakerfinu í grunnskólum borgarinnar.

19. janúar 2022

Á fundi Evrópska persónuverndarráðsins (EDPB) voru samþykktar leiðbeiningar um aðgangsrétt (e. Guidelines on the Right of Access) og verða þær settar í samráðsferli.

25. janúar 2022

Persónuvernd veitti álit á lagaumhverfi tjáningar einstaklinga á Netinu, einkum með tilliti til valdheimilda stofnunarinnar.

26. janúar 2022

Austurríska persónuverndarstofnunin tók ákvörðun um að austurrískum fyrirtækjum væri óheimilt að nota greiningarvél Google (e. Google Analytics) á vefsíðum sínum.

28. janúar 2022

Alþjóðlegi persónuverndardagurinn. Í tilefni dagsins ákveður Persónuvernd að setja á fót svokallaðan sandkassa (e. regulatory sandbox) fyrir þróun gervigreindarlausna í heilbrigðisþjónustu á ábyrgan hátt og í samræmi við persónuverndarlög. Markmiðið með verkefninu, sem er að norski og breski fyrirmynd, er að auka þekkingu á og veita innsýn í nýjar og nýstárlegar lausnir á sviði gervigreindar, auk þess sem mögulegt er að greina hugsanlega óhættu í vinnslu persónuupplýsinga strax á frumstigi.

15. febrúar 2022

Persónuvernd tilkynnir um fyrirhugaðar úttektir á notkun sveitarfélaga á skýjaþjónustu í grunnskólastarfi sem hluta af sameiginlegum aðgerðum aðildarríkja Evrópska persónuverndarráðsins.

28. febrúar 2022

Opnað er fyrir umsóknir í sandkassaverkefni sem Persónuvernd, í samstarfi við Embætti Landlæknis og Stafrænt Ísland, hefur komið á fót.

8. mars 2022

Persónuvernd úrskurðar í máli þar sem kvartað var yfir söfnun upplýsinga um kennitölu og fæðingardag einstaklings af hálfu Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. í tengslum við rafræn kaup hans á aðgöngumiða. Stjórnvaldssekt að fjárhæð 1.000.000 krónur var lögð á Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhús ohf.

9. mars 2022

Persónuvernd fjallaði um birtingu Skattsins á svonefndum válista, þ.e. lista yfir þá sem sætt höfðu áætlun virðisaukaskatts, og veitti álit sitt í málinu.

15. mars 2022

Evrópska persónuverndarráðið samþykkir á fundi sínum leiðbeiningar um 60. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar (GDPR) og leiðbeiningar um „blekkjandi hönnunarmynstur í viðmótum samfélagsmiðla“ (e. Guidelines on deceptive design patterns in social media platform interfaces).

15. mars 2022

Írski persónuverndarstofnunin leggur sekt á Meta Platforms Ireland Limited að fjárhæð 17 milljónir evra í kjölfar frumkvæðisathugunar á því hvort og hvernig Meta uppfyllti kröfur almennu persónuverndarreglugerðarinnar (GDPR) við vinnslu persónuupplýsinga í tólf málum sem tilkynnt höfðu verið til stofnunarinnar um brot á persónuverndarlögum.

7. apríl 2022

Fjarskiptastofa, Fjölmíðlanefnd, Landskjörstjórn, lögreglan, netöryggissveitin CERT-IS og Persónuvernd halda sameiginlegan rafrænan fund um stafrænar áskoranir frambjóðenda í aðdraganda kosninga.

7. apríl

Evrópska persónuverndarráðið gefur út yfirlýsingu varðandi tilkynningu ESB og Bandaríkjanna um nýtt samkomulag um flutning persónuupplýsinga milli ESB og Bandaríkjanna (e. Trans-Atlantic Data Privacy Framework). Tilkynningin er ekki lagalega bindandi enn sem komið er og því þarf áfram að grípa til viðeigandi verndarráðstafana varðandi flutning persónuupplýsinga.

20. apríl 2022

Persónuvernd fellir niður athugun sína á framkvæmd íslenskra dómstóla við birtingu persónuupplýsinga í dómum á Netinu með vísan til dóms Evrópudómstólsins frá 24. mars 2022 í máli nr. C-245/20.

29. apríl 2022

Persónuvernd, Fjölmiðlanefnd og umboðsmaður barna gefa út nýjar leiðbeiningar fyrir foreldra, ábyrgðaraðila og starfsfólk í skóla- og frístundastarfi sem varða netið, samfélagsmiðla og börn. Leiðbeiningarnar eru kynntar á málþinginu „Réttindi barna í stafrænu umhverfi“.

3. maí

Persónuvernd sektar Reykjavíkurborg um 5.000.000 kr. á grundvelli fyrri ákvörðunar stofnunarinnar um notkun Seesaw-nemendakerfisins í grunnskólum borgarinnar, í máli nr. 2021040879.

3. maí 2022

Lögð er á 1.500.000 króna stjórnvaldssekt á HEI – Medical Travel vegna öflunar, skráningar, varðveislu og notkunar netfangs kvartanda af hálfu fyrirtækisins.

5. maí 2022

Evrópska persónuverndarstofnunin (EDPS) og Evrópska persónuverndarráðið (EDPB) gefa út sameiginlegt álit sitt á drögum að nýrri gagnalöggjöf ESB (e. The Data Act). Gagnalöggjöfinni er ætlað að sameina reglur um aðgang og notkun upplýsinga og gagna á Evrópska efnahagssvæðinu.

5. maí 2022

Persónuvernd veitti fyrirtækinu Aðstoð og öryggi ehf. álit um heimild til varðveislu upptaka úr búkmyndavélum sem notaðar eru þegar starfsmenn fyrirtækisins koma á vettvang umferðaróhappa vegna gerðar tjónaskýrslna.

10. maí 2022

Persónuvernd synjaði um afmörkun rannsóknarúrtaks á grundvelli nethegðunar í viðbótarumsókn um vísindarannsókn á vegum alþjóðlega lyfjafyrirtækisins Amgen. Greint er ítarlega frá álitinu í kaflanum „Ítarleg umfjöllun um tvö mál“.

12. maí.2022

Á fundi Evrópska persónuverndarráðsins í maí voru samþykktar leiðbeiningar um útreikning stjórnvaldssekta sem ætlað er að samræma aðferðafræði persónuverndarstofnana við slíkan útreikning.

14. júní 2022

Evrópska persónuverndarráðið samþykkir leiðbeiningar um vottun sem tæki til flutnings persónuupplýsinga úr landi. Megintilgangur leiðbeininganna er að veita frekari skýringar á hagnýtri notkun þessarar leiðar til að flytja persónuupplýsingar með öruggum hætti til örugggra þriðju ríkja.

20. júní 2022

Persónuvernd veitti álit um heimild Hagstofnunar til öflunar starfsmannalista vegna launarannsóknar þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að heimild bresti til öflunar umrædds starfsmannalista.

7. júlí 2022

Ítalska persónuverndarstofnunin samþykkir bráðaákvörðun þar sem hún veitir TikTok viðvörðandi þá ætlun fyrirtækisins að byggja vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við gerð persónusniðinna auglýsinga í forritinu á lögmætum hagsmunum fyrirtækisins en ekki samþykki notenda miðilsins.

15. júlí 2022

Evrópska persónuverndarráðið og Evrópska persónuverndarstofnunin samþykkja sameiginlegt álit sitt um tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um Evrópskt umhverfi heilbrigðisupplýsinga (e. European Health Data Space).

28. júlí 2022

Á 68. fundi Evrópska persónuverndarráðsins samþykktu Evrópska persónuverndarráðið og Evrópska persónuverndarstofnunin sameiginlegt álit um tillögu að reglugerð til að koma í veg fyrir og berjast gegn kynferðislegu ofbeldi gegn börnum.

12. september 2022

Evrópska persónuverndarráðið samþykkir yfirlýsingu vegna tillögu framkvæmdarstjórnar Evrópusambandsins um reglur um lögreglusamvinnu innan Evrópusambandsins.

19.-22. september 2022

Schengen-úttekt á Íslandi. Árið 2022 var gerð úttekt á því hvernig Ísland fer að þeim reglum sem settar hafa verið vegna Schengen-samstarfsins. Slíkar úttektir eru gerðar reglulega í einstökum Schengen-ríkjum og er þá skipuð sérstök úttektarnefnd með fulltrúum frá aðildarríkjum, auk fulltrúa framkvæmdastjórnar ESB. Meðal starfa nefndarinnar er að koma til þess ríkis sem til úttektar er og kanna framkvæmd stjórnvalda á málefnasviði Schengen með spurningum og athugunum á starfsstöðvum þeirra. Fór vettvangshluti úttektarinnar á Íslandi fram dagana

19.-22. september 2022 og er þess að vænta að skýrsla um niðurstöður hennar liggja fyrir á árinu 2023.

13.-14. október 2022

Norrænu persónuverndarstofnanirnar hittast á fundi í Helsinki. Á fundinum undirrituðu forstjórar stofnananna yfirlýsingu um áframhaldandi samstarf.

27. október 2022

Ný auglýsing vegna flutnings persónuupplýsinga til annarra landa er birt í Stjórnartíðindum.

25. nóvember 2022

Írsku persónuverndarstofnunin sektar Facebook um 265 milljónir evra vegna ólögmætrar upplýsingasöfnunar (e. data scraping).

29. nóvember 2022

Persónuvernd úrskurðar í máli þar sem kvartað var yfir vinnslu Advania Ísland ehf. á

persónuupplýsingum, þ.e. netfangi og kennitölu kvartanda, í tengslum við veitingu á þjónustu Signet, www.signet.is.

5. desember 2022

Á fundi Evrópska persónuverndarráðsins í desember samþykkti ráðið þrjár bindandi ákvarðanir varðandi Meta Platforms Ireland Limited (Meta IE - Facebook, Instagram og Whatsapp) á grundvelli persónuverndarreglugerðarinnar. Ákvarðanirnar þrjár taka á mikilvægum lagalegum álitaeftum í drögum að þremur ákvörðunum írsku persónuverndarstofnunarinnar. Bindandi ákvarðanir ráðsins gegna lykilhlutverki við að tryggja rétta og samræmda beitingu persónuverndarlöggjafarinnar af innlendum eftirlitsyfirvöldum.

13. desember 2022

Persónuvernd birtir fræðslustefnu stofnunarinnar fyrir árið 2023.



Úrlausnir í frumkvæðismálum

Ákvörðun um stöðu persónuverndarfulltrúa Reykjavíkurborgar

Mál nr. 2020092287

Persónuvernd lauk frumkvæðisathugun á stöðu persónuverndarfulltrúa Reykjavíkurborgar. Ástæða þótti til að skoða áhrif þess að staðan var sameinuð starfsemi umboðsmanns borgarbúa og flutt undir stjórn og ábyrgð innri endurskoðanda borgarinnar. Ekki voru gerðar athugasemdir við stöðu persónuverndarfulltrúans í skipulagi borgarinnar en Persónuvernd lagði áherslu á sjálfstæði persónuverndarfulltrúa í starfi og aðgang hans að æðsta stjórnstigi borgarinnar. Á hinn bóginn voru gerðar athugasemdir við að ekki hafi verið tryggt að persónuverndarfulltrúinn kæmi með viðeigandi og tímanlegum hætti að öllum málum sem tengjast persónuvernd. Þá þótti ekki liggja skýrt fyrir að önnur verkefni og skyldustörf sem væru falin persónuverndarfulltrúanum leiddu ekki til hagsmunaárekstra. Ákvörðun Persónuverndar fylgdu leiðbeiningar um hvernig hægt væri að leitast við að tryggja sjálfstæði persónuverndarfulltrúa og viðeigandi og tímanlega aðkomu hans að persónuverndarmálum og koma í veg fyrir hagsmunaárekstra.

Notkun Seesaw-nemendakerfisins í grunnskólum Reykjavíkur - sektarákvörðun

Mál nr. 2021040879

Persónuvernd lagði fyrir Reykjavíkurborg að greiða 5.000.000 króna stjórnvaldssekt á grundvelli fyrri ákvörðunar stofnunarinnar um notkun Seesaw-nemendakerfisins í grunnskólum borgarinnar, í máli nr. 2021040879. Við ákvörðun um hvort leggja skyldi á sekt og hver fjárhæð hennar skyldi vera var meðal annars litið til þess að brot Reykjavíkurborgar vörðuðu persónuupplýsingar barna sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt persónuverndarlöggjöfinni og að líkur þóttu á að skráðar væru í kerfið viðkvæmar persónuupplýsingar þeirra og upplýsingar viðkvæms eðlis, svo sem endurgjöf kennara og upplýsingar um hrein einkamálefni nemenda. Þá var tilgangur vinnslunnar ekki nægilega skýrt afmarkaður og var vinnsluheimild því ekki talin vera fyrir hendi, ekki var gætt að meginreglu löggjafarinnar um meðalhóf og lágmerkun gagna auk þess sem mikil áhætta var álitin fylgja því að persónuupplýsingar væru fluttar til Bandaríkjanna og unnar þar án þess að gripið hefði verið til viðeigandi verndarráðstafana. Á hinn bóginn var einnig litið til þess að ekkert tjón virtist hafa orðið vegna brotanna, ekkert benti til

annars en að almennt upplýsingaöryggi Seesaw væri fullnægjandi og að Reykjavíkurborg svaraði erindum Persónuverndar við meðferð málsins með skýrum og greinargóðum hætti. Þar að auki var litið til þess að borgin hætti að styðja vinnslu í nemendakerfinu við samþykki foreldra eftir ábendingar Persónuverndar.

Ákvörðun um stöðu persónuverndarfulltrúa Íslenskrar erfðagreiningar ehf.

Mál nr. 2020061979

Persónuvernd lauk úttekt á stöðu persónuverndarfulltrúa Íslenskrar erfðagreiningar ehf. Niðurstaða úttektarinnar var að ekki voru gerðar athugasemdir við aðkomu persónuverndarfulltrúa að málum sem tengjast persónuvernd eða þau úrræði sem þeim hefðu verið látin í té til að inna verkefni sín af hendi. Á hinn bóginn var það niðurstaða Persónuverndar að fyrirtækið hefði ekki tryggt að önnur verkefni og skyldustörf persónuverndarfulltrúanna gætu ekki leitt til hagsmunaárekstra vegna verkefna þeirra sem persónuverndarfulltrúa og voru veittar leiðbeiningar um úrbætur þar að lútandi.

Ákvörðun um stöðu persónuverndarfulltrúa Landspítala

Mál nr. 2020061952

Persónuvernd lauk úttekt á stöðu persónuverndarfulltrúa Landspítala. Niðurstaða úttektarinnar var að ekki hefði verið tryggt að persónuverndarfulltrúinn kæmi með viðeigandi og tímanlegum hætti að öllum málum sem tengdust persónuvernd. Á hinn bóginn voru ekki gerðar athugasemdir við þau úrræði sem persónuverndarfulltrúanum hefðu verið látin í té til að inna verkefni sín af hendi eða að hann heyrði undir lögfræðideild spítalans, að því gefnu að gætt væri að því að hann fengi ekki fyrir máli um framkvæmd verkefna sinna og hefði aðgang að æðsta stjórnunarstigi spítalans.

Úrlausnir í kvörtunarmálum

Munnleg miðlun persónuupplýsinga um barn

Mál nr. 2021040973

Foreldri kvartaði fyrir hönd barns síns yfir miðlun upplýsinga um barnið frá forstöðumanni sumarbúðanna í Reykjadal til forstöðumanns Þroskahjálpar. Þrátt fyrir að fyrir lægi að Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, sem er rekstraraðila sumarbúðanna, hefði viðurkennt að upplýsingamiðlunin hefði verið mistök, gerð í aðgæsluleysi og andstæð almennu verklagi, þá lá jafnframt fyrir að þeim upplýsingum sem miðlað var á milli félaganna tveggja var miðlað með munnlegum hætti. Komist var að þeirri niðurstöðu að munnleg miðlun upplýsinga ein og sér félli ekki undir gildissvið laga nr. 90/2018 heldur þyrftu upplýsingar með einhverjum hætti að vera á skráðu formi. Var því ekki talið sýnt fram á að álitafnið félli undir gildissvið laganna og valdsvið Persónuverndar, eins og það er skilgreint í lögum og reglugerð (ESB) 2016/679, og var því málinu vísað frá.

Miðlun Sjónár-Almennra trygginga hf. á persónuupplýsingum til sérfræðings

Mál nr. 2020041418

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir því að tryggingafélag miðlaði persónuupplýsingum til sérfræðings sem útbjó skýrslu fyrir félagið um hraða- og höggútreikning vegna umferðaratviks. Umrædd miðlun átti sér stað í kjölfar bótakröfu kvartanda vegna atviksins og fór fram án samþykkis og vitundar hans. Taldi kvartandi að tryggingarfélagið hefði ekki heimild fyrir miðluninni til sérfræðingsins, auk þess sem ekki hafi verið gætt að meðalhófi eða fræðsluskyldu ábyrgðaraðila við miðlun gagnanna. Jafnframt var kvartað yfir eftirfarandi vinnslu sérfræðingsins á sömu persónuupplýsingum sem kvartandi taldi að hefði farið út fyrir vinnsluheimildir sínar. Persónuvernd komst að þeirri niðurstöðu að vinnsluheimildir hefðu staðið til vinnslunnar en þar sem kvartandi var ekki upplýstur eða fræddur um miðlun gagnanna til sérfræðingsins, og eftirfarandi vinnslu hans við gerð skýrslu um hraða- og höggútreiknings, hafi vinnslan ekki verið í samræmi við löggin hvað fræðsluskyldu og gagnsæi varðar.

Vinnsla Eimskips hf. á persónuupplýsingum í tengslum við greiðslu bóta vegna atvinnumissis

Mál nr. 2020051690

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir vinnslu persónuupplýsinga hjá Eimskip hf. og dótturfélagi þess, Faroe Ship p/f, í tengslum við greiðslu bóta vegna atvinnumissis.

Nánar tiltekið var kvartað yfir því að Eimskip hefði skilyrt greiðslu atvinnuleysisbóta við að kvartandi myndi veita Eimskip og dótturfélagi þess umboð til þess að afla „allra nauðsynlegra upplýsinga“ frá Vinnumálastofnun, Ríkisskattstjóra og „öðrum viðeigandi aðilum“, án þess að nánar væri skýrt í hverju það fælist. Niðurstaða Persónuverndar var sú að umrætt umboð væri víðtækara en þörf krefði og því ekki í samræmi við meginreglur persónuverndarlaga, sem m.a. kveða á um að persónuupplýsingar skuli vera nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar. Það var einnig niðurstaða Persónuverndar að Eimskip hefði ekki veitt kvartanda viðeigandi fræðslu um vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við greiðslu bóta.

Miðlun sveitarfélags á persónuupplýsingum til sáttamiðlara vegna samskiptavanda milli starfsfólks skóla og foreldra nemand

Mál nr. 2021020274

Persónuvernd úrskurðaði í máli sem snéri að miðlun viðkvæmra persónuupplýsinga til sáttamiðlara vegna samskiptavanda milli starfsfólks grunnskóla og foreldra nemand.

Persónuvernd komst að þeirri niðurstöðu að miðlunin hefði verið nauðsynleg vegna lagaskyldu sveitarfélagsins sem lýtur að rekstri og framkvæmd grunnskólustarfs með vísan til þess að bæði grunnskólinn og kvartandi hefðu borið ríkar skyldur, lögum samkvæmt, til samstarfs og samráðs. Þeim hluta kvörtunarinnar sem laut að miðlun á lýsingum starfsfólks skólans á samskiptum sínum við foreldrana til stéttarfélaga starfsfólksins var vísað frá á þeim grundvelli að Persónuvernd taldi sig ekki bæra til að úrskurða um hvort einstaklingar eða lögaðilar hefðu farið út fyrir mörk tjáningarfrelsis síns samkvæmt stjórnarskrá.

Kvörtun yfir birtingu ljósmynda á samfélagsmiðli vísað frá

Mál nr. 2020010706

Persónuvernd vísaði frá kvörtun vegna birtingu ljósmynda á Facebook-síðu fyrrverandi sambýliskonu annars kvartanda. Persónuvernd taldi ljóst að í máli þessu væri um að ræða tækifærismyndir úr fjölskyldulífi þess aðila sem kvartað var yfir frá þeim tíma sem myndirnar voru birtar. Að mati Persónuverndar verður að játa einstaklingum ákveðið svigrúm til að birta slíkar myndir, jafnvel á opinberum vettvangi, án afskipta stjórnvalda. Jafnframt var vísað til nýlegs álits Persónuverndar um persónuvernd og tjáningu einstaklinga á Netinu, frá 25. janúar 2022. Vísaði

Persónuvernd kvörtuninni frá á þeim forsendum að stofnunin væri ekki bær til þess að úrskurða um hvort viðkomandi aðili hefði farið út fyrir mörk tjáningarfrelsis síns samkvæmt stjórnarskrá.

Afgreiðsla sveitarfélags á aðgangsbeyðni

Mál nr. 2020051598

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir efnislegri afgreiðslu sveitarfélags á beyðni fyrrverandi starfsmanns þess um aðgang að persónuupplýsingum hans sem sveitarfélagið hafði til vinnslu á tilteknu tímabili meðan hann starfaði þar. Taldi Persónuvernd að sveitarfélagið hefði veitt kvartanda aðgang að öllum fyrirliggjandi persónuupplýsingum sem aðgangsbeyðni hans tók til, eins og beyðnin hafði verið afmörkuð. Komst stofnunin því að þeirri niðurstöðu að ekki lægi annað fyrir en að efnisleg afgreiðsla sveitarfélagsins á beyðni kvartanda hefði samrýmst persónuverndarlöggjöfinni.

Vinnsla persónuupplýsinga hjá Þjóðskrá Íslands

Mál nr. 2020123147

Persónuvernd úrskurðaði í máli varðandi vinnslu persónuupplýsinga hjá Þjóðskrá Íslands. Kvörtunin laut m.a. að því hvort vinnsla Þjóðskrár Íslands á persónuupplýsingum um kvartanda og börn hennar í skráum stofnunarinnar hefði samrýmist lögum nr. 90/2018. Niðurstaða Persónuverndar var sú að umrædd vinnsla fór fram á grundvelli lagaskyldu og var því heimil. Þá var einnig fjallað um þá ósk kvartanda að persónuupplýsingar hennar og barna hennar yrðu afmáðar úr skráum Þjóðskrár Íslands. Niðurstaða Persónuverndar var sú að skráning stofnunarinnar á persónuupplýsingum færi fram á grundvelli lagaskyldu og að stofnuninni væri ekki skylt að afmá þær persónuupplýsingar um kvartanda og börn hennar sem lögum samkvæmt skal skrá í Þjóðskrá.

Söfnun persónuupplýsinga vegna kaupa á aðgöngumiða á viðburð í Hörpu - sektarákvörðun

Mál nr. 2020010611 (áður 2019040834)

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir söfnun upplýsinga um kennitölu og fæðingardag einstaklings af hálfu Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. í tengslum við rafræn kaup hans á aðgöngumiða. Persónuvernd komst að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið nauðsynlegt að safna upplýsingum um kennitölu og fæðingardag kvartanda í þeim tilgangi að afhenda honum miða, enda hefði verið hægt að efna samning um kaupin án þess. Vinnslan hefði þannig ekki farið fram á grundvelli vinnsluheimildar og ekki samrýmst meginreglum persónuverndarlöggjafarinnar um lögmæti, sanngirni, gagnsæi og lágmarkun gagna. Vinnslan

hefði jafnframt brotið gegn sérákvæði laganna um að notkun kennitölu sé háð því að hún eigi sér málefnalegan tilgang og sé nauðsynleg til að tryggja örugga persónugreiningu.

Lagt var fyrir Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. að láta af söfnun upplýsinga um kennitölu og fæðingardaga í tengslum við kaup einstaklinga á aðgöngumiðum á viðburði á vegum fyrirtækisins, og eyða fyrirliggjandi upplýsingum um kennitölu og fæðingardaga einstaklinga sem safnað hefði verið í þeim tilgangi að auðkenna þá við afhendingu seldra aðgöngumiða. Stjórnvaldssekt að fjárhæð 1.000.000 krónur var lögð á Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. Við ákvörðun um fjárhæð sektarinnar hafði það m.a. áhrif til lækkunar að Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúsi ohf. var ekki unnt að breyta framkvæmdinni eftir að settar voru reglur vegna sóttvarna, sem áskildu skráningu persónuupplýsinga í tengslum við viðburðasókn. Þá varð ekki annað séð en að upplýsingunum hefði verið safnað í góðri trú um að vinnslan væri lögmæt.

Rafræn yfirseta prófa Háskólans í Reykjavík

Mál nr. 2020112830

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir rafrænni yfirsetu prófs á heimili kvartanda. Í fyrsta lagi var kvartað yfir að viðkvæmar persónuupplýsingar maka kvartanda kynnu að hafa ratað inn á upptökur háskólans. Þessum hluta kvörtunarinnar var vísað frá þar sem henni fylgdi ekki umboð maka kvartanda. Í öðru lagi var kvartað yfir að samþykki nemenda fyrir vinnslunni hefði ekki verið óþvingað, skort hefði á öryggi persónuupplýsinganna og að veitt hefði verið ófullnægjandi fræðsla vegna vöktunarinnar. Í þriðja lagi var kvartað yfir því að ekki hefði verið tekið mark á andmælum kvartanda vegna vinnslunnar. Persónuvernd komst að þeirri niðurstöðu að fullnægjandi vinnsluheimild hafi verið fyrir vinnslunni sem byggði á lögmætum hagsmunum skólans fyrir vöktuninni. Einnig að Háskólinn í Reykjavík hefði gripið til fullnægjandi ráðstafana vegna andmæla kvartanda þegar hann bauð kvartanda að taka umrætt próf í vinnuherbergi skólans. Þá taldi Persónuvernd að skólinn hefði gripið til fullnægjandi úrræða til að tryggja öryggi þeirra persónuupplýsinga sem söfnuðust við upptökuna. Hins vegar komst Persónuvernd að þeirri niðurstöðu að Háskólinn í Reykjavík hefði ekki rækt ábyrgðarskyldu sína til að upplýsa og fræða nemendur, sem vöktuninni sættu, með fullnægjandi hætti um réttindi sín vegna hennar. Því hafi vinnslan ekki samrýmst lögum og var skólanum gert að veita nemendum sínum eftirleiðis fullnægjandi fræðslu um þá vinnslu persónuupplýsinga sem kann að eiga sér stað í tengslum við rafræna yfirsetu í prófum.

Miðlun persónuupplýsinga til dómsmálayfirvalda erlends ríkis

Mál. nr. 2021040897

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir því að dómsmálaráðuneytið og héraðssaksóknari hefðu miðlað persónuupplýsingum til dómsmálayfirvalda annars ríkis á grundvelli réttarbeiðna. Miðlunin fór fram vegna meðferðar sakamáls í viðkomandi ríki og á grundvelli alþjóðlegra skuldbindinga gagnvart ríkinu sem Ísland gekkst undir fyrir 6. maí 2016. Dómsmálaráðuneytið féllst á beiðnina og sendi málið til ríkissaksóknara til frekari fyrirgreiðslu, sem fól héraðssaksóknara að annast framkvæmd hennar. Persónuvernd komst að þeirri niðurstöðu að miðlun persónuupplýsinganna hefði samrýmt lögum. Jafnframt var úrskurðað um að öryggi persónuupplýsinganna hefði verið tryggt með viðunandi hætti.

Vinnsla Menntasjóðs námsmanna á persónuupplýsingum

Mál nr. 2020061813

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir því að Menntasjóður námsmanna tengdi almennar fyrirspurnir, sem kvartandi setti fram í tölvupósti og vörðuðu ekki réttindi hennar hjá sjóðnum, við kennitölu hennar sem skráð hafði verið við netfang hennar í skjalavistunarkerfi sjóðsins. Auk þess var kvartað yfir því að kvartandi hefði hvorki verið upplýstur um vinnsluna né getað gefið gilt samþykki fyrir henni. Persónuvernd komst að þeirri niðurstöðu að vinnslan hefði verið lögmæt þar sem Menntasjóði námsmanna hefði verið skylt að skrá fyrirspurnir kvartanda á skilvirkan og kerfisbundinn hátt, með vísan til ákvæða upplýsingalaga og laga um opinber skjalasöfn. Þá hefði vinnslan samrýmt gagnsæiskröfu persónuverndarlaganna.

Miðlun grunnskóla á viðkvæmum persónuupplýsingum um barn

Mál nr. 2020041451

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem viðkvæmum persónuupplýsingum um nemanda var miðlað í tölvupósti, frá skólustjóra grunnskóla til foreldra annarra nemenda, í tengslum við úrvinnslu á eineltismáli. Persónuvernd komst að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið heimild til miðlunar á persónuupplýsingum um barn kvartanda til viðtakenda tölvupóstsins með þeim hætti sem gert var af hálfu grunnskólans og vinnslan því ekki í samræmi við lög nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sbr. reglugerð (ESB) 2016/679. Í ljósi eðlis þeirra gagna sem um var að ræða taldi Persónuvernd það vera ámælisvert að grunnskólinn hefði ekki tryggt viðeigandi öryggi upplýsinganna líkt og áskilið er í persónuverndarlögum.

Vinnsla persónuupplýsinga af hálfu fyrirverandi maka og framlagning gagna fyrir dómi

Mál nr. 2020072023

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir því að fyrirverandi maki kvartanda hefði brotist inn í tölvupósthólf hans, aflað þaðan ferilskrár og afhent hana lögmanni sínum sem lagði hana fram fyrir dómi. Að mati Persónuverndar féll framlagning skjalsins fyrir dómi utan gildissviðs laga nr. 90/2018 og var þeim hluta því vísað frá. Þá var talið standa orð gegn orði um það hvort meint innbrot í tölvupósthólf kvartanda og öflun skjals þaðan hefði farið fram. Jafnframt var vísað til þess að um væri að ræða háttsemi sem fallið gæti undir ákvæði almennra hegningarlaga og ætti fremur að beina því til lögreglu. Taldi Persónuvernd ekki tilefni til þess að stofnunin beitti þeim valdheimildum, sem henni eru fengnar í lögum nr. 90/2018, til þess að rannsaka málið nánar.

Miðlun mennta- og menningarmálaráðuneytisins á umsóknargögnum til umsækjanda um starf

Mál nr. 2021091706

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir miðlun mennta- og menningarmálaráðuneytisins á persónuupplýsingum kvartanda til annars umsækjanda um starf stjórnenda á málefnaviði ráðuneytisins. Taldi kvartandi að ekki hefði verið þörf á að miðla persónuupplýsingum hans til annarra umsækjenda þar sem hann var ekki ráðinn í starfið. Mennta og menningarmálaráðuneytið afhenti upplýsingarnar á grundvelli stjórnsýslulaga, en þau lög tilgreina að aðilar máls eigi rétt á aðgangi að skjölum og öðrum gögnum er mál varði, með vissum takmörkunum. Niðurstaða Persónuverndar var sú að miðlun mennta- og menningarmálaráðuneytisins hefði samrýmt lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Miðlun Sjóvár-Almennra trygginga hf. á persónuupplýsingum til sérfræðings

Mál nr. 2020061826

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir vinnslu Sjóvár-Almennra trygginga hf. á persónuupplýsingum í kjölfar bótakröfu hjá félaginu. Kvartað var yfir miðlun tryggingafélagsins á persónuupplýsingunum kvartanda, til sérfræðings sem útbjó skýrslu um hraða- og höggáhrif vegna umferðaratviks sem kvartandi hafði lent í. Einnig var kvartað yfir notkun tryggingafélagsins á umræddri skýrslu við mat á bótakröfu kvartanda á hendur félaginu. Kvartandi taldi að Sjóvá-Almennra tryggingar hf. hefði ekki haft heimild fyrir miðluninni og að það hefði ekki gætt meðalhófs eða að fræðsluskyldu ábyrgðaraðila. Persónuvernd komst að þeirri

niðurstöðu að vinnsluheimildir hefðu staðið til vinnslunnar og að miðlunin hefði verið í samræmi við lög. Þar sem kvartandi var ekki upplýstur eða fræddur um miðlun gagnanna til sérfræðingsins og vinnslu hans komst Persónuvernd að því að ekki hefði verið farið að lögum hvað fræðsluskyldu og gagnsæi varðar.

Áheyrn fjarstadds félagsmanns á húsfundi í gegnum síma

Mál nr. 2020102521

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir því að húsfundur hefði verið tekinn upp og sendur út í heimildarleysi án vitundar fundarmanna. Samkvæmt húsfélaginu var um símtal með farsíma að ræða þar sem einum félagsmanni, sem hafði ekki tæk á að mæta, hefði verið gefinn kostur á að hlusta á fundinn. Einnig fullyrti húsfélagið að fundarmönnum hefði verið tilkynnt um símtalið í upphafi fundar og það skráð í fundargerð án athugasemda. Persónuvernd komst að þeirri niðurstöðu að vinnslan hefði ekki brotið gegn lögum nr. 90/2018 og reglugerð (ESB) 2016/679.

Uppfletting og vöktun vanskilaskrár hjá Lögheimtunni ehf., Motusi ehf. og Creditinfo Lánstrausti hf.

Mál nr. 2020010731

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir uppflettingu og vöktun vanskilaskrár af hálfu Creditinfo Lánstrausts hf., Lögheimtunnar ehf. og Motusar ehf. Nánar tiltekið laut kvörtunin í fyrsta lagi að því að Motus ehf. hefði unnið með persónuupplýsingar kvartanda án heimildar. Í öðru lagi laut kvörtunin að því að vinnslan hefði ekki verið gagnsæ af hálfu Creditinfo Lánstrausts hf., Motusar ehf. og Lögheimtunnar ehf. í ljósi þess að kvartandi hefði ekki verið upplýstur um endanlegan viðtakanda upplýsinganna í samskiptum sínum við fyrirtækin. Í þriðja lagi laut kvörtunin að viðbrögðum Creditinfo Lánstrausts hf. við athugasemdum kvartanda og því að fyrirtækið hefði ekki lokað fyrir aðgang Motusar ehf. að upplýsingum um hann sem skráðar voru í vanskilaskrá.

Niðurstaða Persónuverndar var að Lögheimtunni hefði verið heimilt að fletta upp og vakta upplýsingar um kvartanda í vanskilaskrá



Creditinfo Lánstrausts hf. Hins vegar hefði Lögheimtan ekki uppfyllt upplýsingaskyldu sína eða farið að sanngirniss- og gagnsæiskröfum persónuverndarlaganna. Þá taldi Persónuvernd að upplýsingagjöf Creditinfo Lánstrausts hf. til kvartanda hefði ekki samrýmt kröfum í starfsleyfi fyrirtækisins eða sanngirniskröfu laganna, auk þess sem fyrirtækið hefði ekki uppfyllt könnunarskyldu sína samkvæmt starfsleyfinu í kjölfar athugasemda kvartanda.

Miðlun Vegagerðarinnar á umsóknargögnum til ráðningarstofu

Mál nr. 2021051061

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir að persónuupplýsingar kvartanda hefðu verið afhentar ráðningarstofu er hann sótti um starf hjá Vegagerðinni. Í auglýsingu um starfið kom ekki fram að utanaðkomandi einkafyrirtæki fengi aðgang að umsóknargögnum vegna umsókna um starfið. Ákveðið hafi verið að leita ráðgjafar ráðningarstofu eftir að umsóknarfrestur var liðinn og ljóst var hversu margir umsækjendur voru um starfið. Þegar persónuupplýsinga er aflað hjá hinum skráða skal ábyrgðaraðili veita honum fræðslu, meðal annars um viðtakanda eða flokkum viðtakenda persónuupplýsinganna, ef einhverjir eru. Kvartanda voru ekki veittar upplýsingar um aðkomu ráðningarstofunnar í starfsauglýsingunni eða eftir að umsóknarfresti lauk. Niðurstaða Persónuverndar var að vinnsla Vegagerðarinnar á persónuupplýsingum kvartanda hefði ekki samrýmt ákvæðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga um fræðsluskyldu og gagnsæi.

Kvörtun yfir birtingu persónuupplýsinga á samfélagsmiðli

Mál nr. 2020051558

Persónuvernd vísaði frá kvörtun yfir færslu einstaklings á samfélagsmiðli sínum og birtingu á hluta eineltisskýrslu sem varðaði bæði kvartanda og einstaklinginn sem birti færsluna. Persónuvernd taldi að umkvörtunarefnið í máli þessu varðaði tjáningu einstaklings (þ.e. ábyrgðaraðila) og að úrlausn þess lyti einkum að því hvort sú tjáning yrði talin fela í sér misnotkun á stjórnarskrárvörðum rétti kvartanda til friðhelgi einkalífs, sbr. jafnframt álit Persónuverndar um persónuvernd og tjáningu einstaklinga á Netinu, frá 25. janúar 2022. Vísaði Persónuvernd kvörtuninni frá á þeim forsendum að stofnunin væri ekki bær til þess að úrskurða um hvort einstaklingur hefði tjáð sig með slíkum hætti að í því fælist misnotkun á stjórnarskrárvörðum rétti til friðhelgi einkalífs heldur heyri slíkur ágreiningur undir dómstóla.

Miðlun ráðgjafarfyrirtækis á persónuupplýsingum

Mál nr. 2021051112

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir því að ráðgjafarfyrirtækið KVAN ehf. hefði miðlað persónuupplýsingum um barn kvartanda til fagráðs eineltismála í grunn- og framhaldsskólum eftir að samstarfi fyrirtækisins og grunnskóla barnsins var lokið. Persónuvernd komst að þeirri niðurstöðu að KVAN ehf. hefði ekki verið heimilt að vinna persónuupplýsingar í tengslum við mál barnsins eftir að samstarfi við grunnskóla þess lauk og að fyrirtækinu hefði borið að afhenda skólanum öll gögn og aðrar upplýsingar sem máli skiptu en eyða öðrum persónuupplýsingum.

Vinnsla og miðlun persónuupplýsinga um leikskólabarn

Mál nr. 2020010647 (áður 2019071357)

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir vinnslu persónuupplýsinga barns. Kvörtunin laut nánar tiltekið í fyrsta lagi að lögmæti vinnslu persónuupplýsinga um barn kvartanda hjá leikskóla þess og því hversu ítarlegar upplýsingar væri unnið með. Í öðru lagi var kvartað yfir miðlun persónuupplýsinga barnsins frá leikskólanum til þjónustumiðstöðvar. Í þriðja lagi laut kvörtunin að miðlun persónuupplýsinga um barnið frá leikskólanum, þjónustumiðstöðinni og skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar til opinbers skjalasafns. Í fjórða lagi laut svo kvörtunin að skorti á upplýsingum um vinnslu persónuupplýsinga um barnið hjá leikskólanum og þjónustumiðstöðinni og um fyrirhugaða miðlun persónuupplýsinganna til opinbers skjalasafns. Þeim þætti kvörtunarinnar sem laut að miðlun persónuupplýsinga um barnið af hálfu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, þjónustumiðstöðvarinnar og leikskólans til opinbers skjalasafns var vísað frá þar sem umrædd miðlun hafði ekki átt sér stað. Hins vegar var vinnsla leikskólans á persónuupplýsingum um barnið, sem fólst í öflun, skráningu og miðlun til þjónustumiðstöðvar, ekki talin hafa samrýmt ákvæðum persónuverndarlaga um gagnsæja vinnslu. Var því lagt fyrir leikskólann að veita eftirleiðis fræðslu um vinnslu slíkra upplýsinga til samræmis við gildandi lög og reglugerðir.

Vinnsla á persónuupplýsingum og afgangsbæði hjá HEI - Medical Travel - sektarákvörðun

Mál nr. 2020051610

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir öflun, skráningu, varðveislu og notkun netfangs kvartanda hjá HEI - Medical Travel (HEI) en kvartandi hafði fengið sendan markpóst í tölvupósti frá fyrirtækinu. Einnig var kvartað yfir afgangsbæði fyrirtækisins á aðgangsbæði. Persónuvernd komst að þeirri niðurstöðu að engin heimild hefði staðið til öflunar, skráningar,

varðveislu og notkunar netfangs kvartanda. HEI hefði án heimildar nýtt netfangalista sem starfsmaður fyrirtækisins hafði aflað með því að skrá sig inn á innri vef Læknafélags Íslands, með aðgangi læknis sem tengdur var starfsmanninum fjölskylduböndum, og sótt þaðan netföng fjölda lækna. Þá var jafnframt komist að þeirri niðurstöðu að aðgangsbeyðni kvartanda hefði ekki verið afgreidd í samræmi við lög, en persónuupplýsingum hans var eytt eftir að aðgangsbeyðnin var lögð fram. Stjórnvaldssekt að fjárhæð 1.500.000 krónur var lögð á HEI – Medical Travel. Við ákvörðun sektarinnar var m.a. horft til þess að þrátt fyrir að HEI hefði talið sér heimilt að nýta listann þá lægi ekkert fyrir í málinu sem sýndi fram á að fyrirtækið hefði gert athugasemdir við eða gengið úr skugga um að heimild stæði til öflunar netfanganna og var brotið í öllu falli talið vera framið af stórfelldu gáleysi. Þá var einnig litið til þess að HEI eyddi persónuupplýsingum kvartanda eftir að aðgangsbeyðni barst og var réttur kvartanda til aðgangs að persónuupplýsingum sínum hjá fyrirtækinu því ekki virtur. Var því lagt til grundvallar að síðarnefnda brotið hefði verið framið af ásetningi.

Vinnsla barnaverndarnefndar Hafnarfjarðar á persónuupplýsingum

Mál nr. 2020010656

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir vinnslu persónuupplýsinga hjá barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar við eftirlit með umgengni barna sem tengd eru kvartanda fjölskylduböndum, en kvartandi var viðstaddur umgengnina. Nánar tiltekið var kvartað yfir hljóðupptökum á farsíma starfsmanna nefndarinnar í eftirlitsheimsóknum og skráningu á upplýsingum úr upptökunum við skýrslugerð um heimsóknirnar. Niðurstaða Persónuverndar var sú að ósannað þótti að hljóðupptaka hefði farið fram við umgengnina en skráning upplýsinganna var ekki talin samrýmast kröfum persónuverndarlaganna um gagnsæi. Þá taldi Persónuvernd það ámælisvert, í ljósi eðlis þess málaflokks og þeirra persónuupplýsinga sem barnaverndarnefndir fara með, að barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar hefði ekki gætt þess að verklag og starfshættir nefndarinnar uppfylltu allar þær öryggiskröfur sem gerðar væru til ábyrgðaraðila til að tryggja fullnægjandi öryggi persónuupplýsinga.

Vinnsla persónuupplýsinga og afgreiðsla á aðgangsbeyðni hjá stéttarfélagi

Mál nr. 2020010704 (áður 2019122294)

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir því annars vegar að persónuupplýsingar kvartanda og annarra félagsmanna hefðu verið gerðar aðgengilegar óviðkomandi aðilum hjá tilteknu stéttarfélagi og hins vegar að kvartandi

hefði hvorki fengið upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga sinna né aðgang að þeim á grundvelli beyðni þar að lútandi. Persónuvernd vísaði frá þeim þætti kvörtunarinnar er laut að vinnslu stéttarfélagsins á persónuupplýsingum um aðra félagsmenn en kvartanda. Niðurstaða Persónuverndar um önnur umkvörtunarefni var sú að vinnsla félagsins með persónuupplýsingar um stéttarfélagsaðild kvartanda samrýmdist ekki ákvæðum persónuverndarlaganna. Þá samrýmdist afgreiðsla stéttarfélagsins á aðgangs- og upplýsingabeyðni kvartanda ekki lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Miðlun persónuupplýsinga í tengslum við umgengnismál

Mál nr. 2021010079

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir miðlun persónuupplýsinga í tengslum við umgengnismál hjá sýslumanni. Ágreiningur var um hvort barnsföður kvartanda hefði verið heimilt að miðla persónuupplýsingum kvartanda, þar á meðal viðkvæmum heilsufarsupplýsingum, til annars barnsföður kvartanda. Niðurstaða Persónuverndar var sú að miðlun á persónuupplýsingum kvartanda hefði ekki samrýmst lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Miðlun persónuupplýsinga frá heilbrigðisstofnun til Embættis landlæknis

Mál nr. 2021061273

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir miðlun persónuupplýsinga kvartanda í erindi heilbrigðisstofnunar til Embættis landlæknis í tengslum við brot kvartanda í starfi. Niðurstaða Persónuverndar var sú að upplýsingarnar, sem fram komu í erindi heilbrigðisstofnunarinnar til landlæknis, hefðu staðið í svo nánnum tengslum við brot kvartanda í starfi að heimilt hefði verið að tiltaka þær sérstaklega í erindinu.

Vinnsla persónuupplýsinga hjá Creditinfo Lánstrausti hf.

Mál nr. 2021030710

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir söfnun og miðlun Creditinfo Lánstrausts hf. á persónuupplýsingum kvartanda. Nánar tiltekið var kvartað yfir því að Creditinfo Lánstraust hf. hefði safnað og miðlað fjárhagslegum upplýsingum um kvartanda til þriðja aðila án samþykkis. Niðurstaða Persónuverndar var sú að vinnsla Creditinfo Lánstraust hf. hefði verið í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og jafnframt í samræmi við fyrri úrlausnir stofnunarinnar um samsvarandi álitafæni.

Vinnsla persónuupplýsinga af hálfu Landspítalans

Mál nr. 2020112920

Persónuvernd úrskurðaði í máli vegna kvörtunar yfir vinnslu persónuupplýsinga af hálfu Landspítalans. Kvartað var yfir því að gerð hefði verið erfðarannsókn á blóðsýni kvartanda sem til var í lífsýnasafni Landspítalans, í kjölfar erfðarannsóknar á barni hennar, án samþykkis. Jafnframt var kvartað yfir því að maka kvartanda hefðu verið tilkynntar rannsóknarniðurstöður og að sömu niðurstöður hefðu verið nýttar áfram eftir að kvartandi hafði gert athugasemdir við framkvæmd rannsóknarinnar. Niðurstaða Persónuverndar var að engin heimild hafi staðið til vinnslunnar samkvæmt 9. gr. laga nr. 90/2018, sbr. einnig 6. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679. Þegar af þeirri ástæðu hafi vinnslan farið í bága við lög. Í ljósi þess að vinnsla persónuupplýsinga kvartanda í tengslum við umrædda rannsókn samrýmdist ekki lögum var að mati Persónuverndar ekki séð að eftirfarandi vinnsla þeirra hjá spítalanum gæti talist lögmæt.

Úrskurður um vinnslu persónuupplýsinga vegna danskra rannsóknarverkefna

Mál nr. 2020123091

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir vinnslu persónuupplýsinga hjá Íslenskri erfðagreiningu ehf. í þágu danskra rannsóknarverkefna. Vinnslan fór fram með vísan til vinnslusamninga sem Höfuðborgarsvæði Danmerkur gerði við Íslenska erfðagreiningu ehf. og taldi kvartandi fyrirtækið hafa farið út fyrir hlutverk sitt sem vinnsluaðila og því sjálft orðið ábyrgðaraðili að ólögmætri vinnslu persónuupplýsinga. Persónuvernd taldi að gögn málsins hefðu ekki leitt þetta í ljós og varð niðurstaðan því sú að vinnslan hefði samrýmst lögum.



Miðlun á hljóðritun húsfélagsfundar og rafræn vöktun í fjöleignarhúsi

Mál nr. 2020102684

Persónuvernd úrskurðaði í máli varðandi miðlun á hljóðritun húsfélagsfundar og varðandi rafræna vöktun sömu aðila á bílastæðum fjöleignarhúss. Niðurstaða Persónuverndar var sú að heimilt hefði verið að miðla hljóðrituninni til kærunefndar húsamála í tengslum við mál sem var til meðferðar hjá nefndinni en sömu aðilum hefði hins vegar verið óheimilt að vakta bílastæði í sameign án samþykkis annarra íbúa.

Vinnsla persónuupplýsinga af hálfu Fangelsismálastofnunar

Mál nr. 2021051020

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir vinnslu persónuupplýsinga af hálfu Fangelsismálastofnunar. Nánar tiltekið hafnaði Fangelsismálastofnun beiðni kvartanda um eyðingu persónuupplýsinga í málaskrá stofnunarinnar. Niðurstaða Persónuverndar var sú að varðveisla upplýsinga og synjun Fangelsismálastofnunar á eyðingu persónuupplýsinga samrýmdist lögum um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi.

Vinnsla persónuupplýsinga um barn hjá grunnskóla

Mál nr. 2021101909

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir vinnslu persónuupplýsinga barns af hálfu skóla. Nánar tiltekið var kvartað yfir viðveruskráningu barns inn í tölvukerfið Mentor en kvartandi taldi að rangar upplýsingar hefðu verið færðar inn um barnið. Niðurstaða Persónuverndar var sú að vinnsla skólans á persónuupplýsingum barnsins hefði ekki samrýmst ákvæðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Vinnsla persónuupplýsinga af hálfu Meniga Iceland ehf.

Mál nr. 2020051712

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir vinnslu persónuupplýsinga af hálfu Meniga Iceland ehf. Nánar tiltekið var kvartað yfir að öryggi persónuupplýsinga hefði ekki verið nægilega tryggt af hálfu Meniga Iceland ehf. Niðurstaða málsins var að Persónuvernd taldi ósannað að um öryggisbrest hefði verið að ræða er varðaði vinnslu persónuupplýsinga hjá Meniga Iceland ehf.

Vinnsla persónuupplýsinga af hálfu Íslandspóstshf.

Mál nr. 2022020332 og 2021112244

Persónuvernd úrskurðaði í málum tveggja samhljóða kvartana frá aðila yfir vinnslu persónuupplýsinga af hálfu Íslandspóstshf. við afgreiðslu bréfsendinga erlendis frá. Nánar tiltekið taldi kvartandi að Íslandspóstur héldi

úti sérstakri skrá yfir frímerkjasafnara, þar á meðal um sig. Niðurstaða Persónuverndar var sú að ósannað þótti að vinnsla Íslandspóstshf á persónuupplýsingum kvartanda hafi brotið gegn lögum.

Birting leitarniðurstaðna í leitarvél Google

Mál nr. 2021101926

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem fjallað var um rétt einstaklings til að fá eytt upplýsingum um sig sem birtar voru í leitarniðurstöðum í leitarvél Google, þegar leitað var eftir nafni viðkomandi. Niðurstaða Persónuverndar var sú, með hliðsjón af atvinnu kvartanda og hlutverki hans í þjóðlífinu, að hagsmunir almennings af því að hafa aðgang að umræddum upplýsingum vægju þyngra en einkalífshagsmunir kvartanda. Réttur almennings til upplýsingafrelsis var því talinn víkja til hliðar rétti kvartanda til að gleymast.

Vinnsla persónuupplýsinga af hálfu lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og Nefndar um eftirlit með lögreglu

Mál nr. 2021071455 og 2021071456

Persónuvernd úrskurðaði í málum vegna tveggja efnislega samhljóða kvartana frá sitthvorum kvartanda yfir vinnslu persónuupplýsinga af hálfu lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og Nefndar um eftirlit með lögreglu. Kvartað var yfir því að lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu hefði varðveitt tiltekna upptökur úr búkmyndavélum, spilað upptökurnar fyrir verjanda sakbornings við skýrslutöku ásamt því að upptökunum hefði verið miðlað til Nefndar um eftirlit með lögreglu. Jafnframt var kvartað yfir vinnslu persónuupplýsinga af hálfu nefndarinnar í tengslum við birtingu ákvörðunar hennar. Hvað varðar vinnslu persónuupplýsinga um kvartendur af hálfu lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu varðaði vinnslan bæði notkun myndefnis úr búkmyndavélum í tengslum við rannsókn lögreglumáls en einnig vinnslu persónuupplýsinga sem safnað var um kvartendur sem starfsmenn lögreglunnar. Komst Persónuvernd að þeirri niðurstöðu að sú vinnsla persónuupplýsinga um kvartendur sem fólst í spilun upptaka úr búkmyndavélum fyrir verjanda sakbornings og miðlun þeirra til Nefndar um eftirlit með lögreglu hefði farið fram í löggæslutilgangi og verið í samræmi við lög nr. 75/2019, um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi. Hvað varðar notkun búkmyndavéla hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, að því marki sem hún tekur til starfsmanna embættisins, var niðurstaða Persónuverndar að sú vinnsla fæli í sér rafræna vöktun og félli undir gildissvið laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Niðurstaða Persónuverndar var að vinnslan hefði samrýmst lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og reglum nr. 837/2006, um

rafræna vöktun og meðferð persónuupplýsinga sem verða til við rafræna vöktun. Jafnframt var það niðurstaða Persónuverndar að vinnsla Nefndar um eftirlit með lögreglu hefði samrýmst lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Vinnsla persónuupplýsinga af hálfu Seðlabanka Íslands

Mál nr. 2021102022

Persónuvernd úrskurðaði í enduruppteknu máli vegna kvörtunar yfir vinnslu persónuupplýsinga af hálfu Seðlabanka Íslands. Kvörtunin laut að umfangi upplýsingaöflunar, eyðingu persónuupplýsinga á grundvelli laga um meðferð sakamála, varðveislu persónuupplýsinga og loks miðlun þeirra til héraðssaksóknara. Í fyrri úrskurði (í máli nr. 2020102723) komst Persónuvernd að þeirri niðurstöðu að vísa frá þeim hluta kvörtunarinnar er laut að öflun Seðlabankans á persónuupplýsingum kvartanda sem og eyðingu á grundvelli laga um meðferð sakamála. Hins vegar var varðveisla Seðlabankans, sem og miðlun bankans á persónuupplýsingum um kvartanda til héraðssaksóknara, talin samrýmast ákvæðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Persónuvernd féllst á beiðni kvartanda um endurupptöku málsins með vísan til nýrra upplýsinga sem lagðar voru fram og kveðinn var upp nýr úrskurður í stað fyrri úrskurðar. Niðurstaða Persónuverndar var sú að vísa sem fyrr frá þeim hluta kvörtunarinnar er laut að öflun Seðlabankans á persónuupplýsingum kvartanda sem og eyðingu á grundvelli laga um meðferð sakamála. Þá var niðurstaða Persónuverndar að miðlun Seðlabanka Íslands til héraðssaksóknara á persónuupplýsingum kvartanda hefði samrýmst ákvæðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Persónuvernd taldi hins vegar að varðveisla Seðlabanka Íslands á persónuupplýsingum kvartanda, frá þeim tíma er stjórnslumáli bankans gagnvart kvartanda lauk með dómi Hæstaréttar, hefði ekki samrýmst ákvæðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Afgreiðsla Landsbankans á aðgangsbæði

Mál nr. 2021040978

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir afgreiðslu Landsbankans hf. á bæði um aðgang að persónuupplýsingum kvartanda. Nánar tiltekið laut aðgangsbæðin að tölvupóstsamskiptum starfsmanna bankans, sem fóru fram í gegnum netföng þeirra hjá bankanum en vörðuðu ekki starfsemi bankans. Niðurstaða Persónuverndar var sú að synjun Landsbankans hf. á aðgangsbæði samrýmst lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Vinnsla persónuupplýsinga um barn hjá leikskóla

Mál nr. 2021091900

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir vinnslu persónuupplýsinga barns af hálfu leikskóla. Nánar tiltekið var kvartað yfir því að leikskólinn hefði veitt foreldrum annarra barna við leikskólann aðgang að skjali frá barnavernd sem innihélt upplýsingar um barnið. Niðurstaða Persónuverndar var sú að vinnsla leikskólans á persónuupplýsingum barnsins hefði ekki samrýmst meginreglum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga né hefði hún grundvallast á vinnsluheimild.

Afgreiðsla BL ehf. á aðgangsbæði

Mál nr. 2021061304

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir synjun á bæði um aðgang að viðgerðar- og þjónustusögu bifreiðar í eigu kvartanda af hálfu BL ehf. Nánar tiltekið óskaði félag í umboði kvartanda eftir upplýsingum frá BL ehf. um viðgerðar- og þjónustusögu bifreiðar í eigu kvartanda, þar með talið frá verkstæðum og þjónustuaðilum. Í fylgigögnum með kvörtun kom fram að BL ehf. teldi að það þyrfti ekki að vinna söguleg gögn úr kerfum sínum og að slíkt hefði í för með sér mikinn kostnað og óljóst væri hvort vinnslan væri lögmæt. Við meðferð málsins bar BL ehf. einnig fyrir sig að bæði um upplýsingar hefði komið rafrænt frá öðrum en kvartanda og að slík gögn væru eingöngu afhent á pappír gegn framvísun persónuskilríkja en ekki send rafrænt. Niðurstaða Persónuverndar var sú að afgreiðsla BL ehf. á aðgangsbæði kvartanda samrýmst ekki ákvæðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Einnig var BL ehf. veitt áminning fyrir brot gegn ákvæðum laga og lagt fyrir BL ehf. að taka aðgangsbæði kvartanda til efnislegrar afgreiðslu.

Vinnsla persónuupplýsinga af hálfu Tryggingastofnunar ríkisins og Þjóðskrár Íslands

Mál nr. 2021122346

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir innbroti Tryggingastofnunar ríkisins og Þjóðskrár Íslands í tölvupósthólf kvartanda. Nánar tiltekið var kvartað yfir innbroti í tölvupósthólf og eyðingu á um 40 tölvupóstum er vörðuðu samskipti kvartanda við framangreindar stofnanir í því skyni að eyða sönnunargögnum. Niðurstaða Persónuverndar var sú að ósannað þótti að vinnsla persónuupplýsinga um kvartanda hafi brotið gegn lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Vinnsla persónuupplýsinga af hálfu Creditinfo Lánstrausts, Netgíró ehf. og ÍL-sjóðs

Mál nr. 2020122992

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við gerð skýrslna um lánsþæfni af hálfu Creditinfo Lánstrausts hf., yfir notkun Netgíró ehf. á slíkum skýrslum og niðurfellingu heimildar kvartanda hjá fyrirtækinu á grundvelli þeirra, sem og vegna miðlunar ÍL-sjóðs á upplýsingum um kvartanda í skuldastöðukerfi Creditinfo. Niðurstaða Persónuverndar var sú að vinnsla Creditinfo á upplýsingum um skuldastöðu kvartanda hafi samrýmt ákvæðum um heimildir og grunnkröfur til vinnslu samkvæmt persónuverndarlögum, vinnsla Netgíró ehf. á upplýsingum um lánsþæfnismat hafi jafnframt samrýmt lögnum og að miðlun ÍL-sjóðs á upplýsingum kvartanda í skuldastöðukerfi Creditinfo hafi einnig samrýmt lögnum.

Rafræn vöktun á athafnasvæði fyrirtækis

Mál nr. 2022040797

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir rafrænni vöktun á athafnasvæði fyrirtækis. Nánar tiltekið laut kvörtunin að því að eftirlitsmyndavélar fyrirtækisins tækju til svæða utan yfirráðasvæðis fyrirtækisins og til eigna og yfirráðasvæða annarra sem og svæðis á almannafæri. Niðurstaða Persónuverndar var sú að vöktun fyrirtækisins hafi ekki samrýmt lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og reglum um rafræna vöktun. Lagði Persónuvernd fyrir að fyrirtækið léti af allri rafrænni vöktun sem næði út fyrir yfirráðasvæði þess og því gert að uppfæra merkingar sínar um rafræna vöktun þannig að þær samrýmist lögnum.

Hljóðupptaka á húsfélagsfundi og miðlun hennar

Mál nr. 2022061017

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir hljóðritun á húsfélagsfundi, þar á meðal á viðkvæmum persónuupplýsingum um barn



kvartanda, án samþykkis eða vitundar hennar. Einnig var kvartað yfir miðlun hljóðupptökunnar til þriðja aðila. Niðurstaða Persónuverndar var að orð stæði gegn orði en engin gögn lágu fyrir í málinu sem studdu að hljóðritun hefði farið fram í reynd eða að henni hefði verið miðlað. Því lá ekki fyrir hvort brotið hefði verið á rétti kvartanda samkvæmt lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Vinnsla persónuupplýsinga af hálfu Menntasjóðs námsmanna og miðlun Skattsins

Mál nr. 2021112203

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir vinnslu persónuupplýsinga af hálfu Menntasjóðs námsmanna, jafnframt var kvartað yfir miðlun Skattsins á upplýsingum til Menntasjóðs vegna umræddrar umsóknar. Nánar tiltekið var kvartað yfir að Menntasjóður hefði unnið með upplýsingar kvartanda um tekjur hans við mat á umsókn sambúðarmaka um frestun á endurgreiðslu afborgana námslána vegna fjárhagsörðugleika. Taldi kvartandi að Skattinum hefði jafnframt verið óheimilt að byggja miðlun upplýsinga um hann til Menntasjóðs á lagagjöf um upplýsingagjöf til sjóðsins. Niðurstaða Persónuverndar var sú að öflun Menntasjóðs námsmanna á upplýsingum um tekjur kvartanda og miðlun Skattsins á upplýsingunum til Menntasjóðs námsmanna samrýmdist ekki ákvæðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Vinnsla persónuupplýsinga af hálfu Gallup

Mál nr. 2021102040

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir vinnslu persónuupplýsinga af hálfu Gallup. Nánar tiltekið var kvartað yfir því að símanúmer kvartanda hefði verið vistað í símanúmeragrunn fyrirtækisins í þeim tilgangi að nota það í tengslum við úthringingar vegna boðs um þátttöku í könnunum á vegum Gallup. Niðurstaða Persónuverndar var sú að vinnsla Gallup hefði samrýmst lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Rafræn vöktun við fjöleignarhús

Mál nr. 2022010208

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir rafrænni vöktun með eftirlitsmyndavél í glugga og snjalldyrabjöllu í fjöleignarhúsi. Ekki lá fyrir samþykki íbúa fjöleignarhússins fyrir vöktuninni. Niðurstaða Persónuverndar var sú að rafræna vöktunin samræmst ekki lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Var einstaklingunum gert að láta tafarlaust af allri vöktun.

Vinnsla persónuupplýsinga af hálfu Nova hf.

Mál nr. 2021122409

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir vinnslu persónuupplýsinga af hálfu Nova hf. Nánar tiltekið var kvartað yfir því að símanúmeri kvartanda hefði verið úthlutað til óviðkomandi aðila sem hafði sótt um símanúmer hjá Nova. Símanúmer kvartanda hafi við þetta orðið óvirkt og virkt í síma viðkomandi aðila. Niðurstaða Persónuverndar var sú að vinnsla Nova á persónuupplýsingum kvartanda samrýmdist ekki lögum um persónuvernd og öryggi persónuupplýsinga. Beindi Persónuvernd því til Nova að gera ráðstafanir sem tryggðu viðeigandi öryggi persónuupplýsinga.

Vinnsla persónuupplýsinga af hálfu menntastofnunar

Mál nr. 2021030666

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir vinnslu persónuupplýsinga af hálfu menntastofnunar. Nánar tiltekið var kvartað yfir því að farið hefði verið yfir niðurstöður kennslumats er varðaði kennslu kvartanda við skólann á fundi en ágreiningur var uppi um hvort heimilt hefði verið að fara yfir það fyrir framan þá er viðstaddir voru á fundinum. Niðurstaða Persónuverndar var sú að heimilt hefði verið að greina frá niðurstöðum kennslumatsins á fundinum og því samrýmst lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Vinnsla persónuupplýsinga af hálfu menntastofnunar

Mál nr. 2021020294

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir vinnslu persónuupplýsinga af hálfu menntastofnunar. Nánar tiltekið var kvartað yfir öflun persónuupplýsinga um kvartanda frá samkennurum og miðlun þeirra til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og umboðsmanns Alþingis án samþykkis kvartanda og án þess að kvartandi hefði verið upplýstur um tilvist gagnanna. Niðurstaða Persónuverndar var sú að vinnsla menntastofnunarinnar á persónuupplýsingum kvartanda hefði samrýmst lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Vinnsla IMS Vintage Photos á persónuupplýsingum

Mál nr. 2021091801

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir birtingu á ljósmyndum sem innihéldu persónuupplýsingar kvartanda á Netinu. Nánar tiltekið var kvartað yfir því að IMS Vintage Photos hafi birt ljósmyndirnar á Netinu í þeim tilgangi að selja þær en ljósmyndirnar voru merktar kvartanda með nafni, símanúmeri og heimilisfangi en kvartandi kvaðst vera ljósmyndari og eigandi ljósmyndanna. Kvartandi óskaði eftir að ljósmyndirnar yrðu fjarlægðar og var það á endanum gert. Nokkru síðar hóf fyrirtækið aftur sölu á ljósmyndunum, þá

á eBay. Kvartandi óskað aftur eftir að ljósmyndirnar yrðu fjarlægðar og þeirri beðni ekki svarað en ljósmyndirnar voru loks fjarlægðar. Niðurstaða Persónuverndar var sú að birting IMS Vintage Photos á nafni kvartanda á Netinu hefði samrýmt lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Hins vegar hefði birting á símanúmeri og heimilisfangi hans á Netinu ekki samrýmt lögum.

Vöktun með myndavél í mælaborði bifreiðar

Mál nr. 2021081554

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir rafrænni vöktun með myndavél í mælaborði bifreiðar. Einnig var kvartað yfir ofsóknum af ýmsu tagi af hálfu sömu aðila. Niðurstaða Persónuverndar var sú að orð stæði gegn orði en ósannað þótti að vinnsla persónuupplýsinga í tengslum við rafræna vöktun með mælaborðsmyndavél hafi brotið gegn rétti kvartanda samkvæmt lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Þeim hluta kvörtunarinnar sem beindist að ofsóknum af ýmsu tagi var vísað frá.

Rafræn vöktun af hálfu Votta Jehóva

Mál nr. 2021020413

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir rafrænni vöktun við húsnæði Votta Jehóva. Nánar tiltekið var annars vegar kvartað yfir sjónsviði eftirlitsmyndavéla Votta Jehóva við húsnæði við Hraunbæ í Reykjavík og hins vegar að starfsmaður á vegum Votta Jehóva hefði sýnt óviðkomandi aðilum myndskæði úr eftirlitskerfinu. Niðurstaða Persónuverndar var sú að rafræn vöktun Votta Jehóva við Hraunbæ í Reykjavík samrýmdist ekki ákvæðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Ósannað þótti að Votta Jehóva hefði unnið með upptökur úr eftirlitsmyndavélakerfi safnaðarins á þann hátt að brotið hefði verið gegn lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Vinnsla persónuupplýsinga af hálfu Advania Ísland ehf.

Mál nr. 2021101924

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir vinnslu Advania Ísland ehf. á persónuupplýsingum í tengslum við veitingu á þjónustu Signet, www.signet.is. Nánar tiltekið laut kvörtunin að því að upplýsingar um kennitölu og netfang kvartanda væru birtar og aðgengilegar öllum notendum og áskrifendum Signet um óákveðinn tíma. Niðurstaða Persónuverndar var sú að hagsmunir Advania af því að geta birt öllum notendum Signet þjónustunnar upplýsingar um netfang kvartanda gætu ekki vegið þyngra en hagsmunir kvartanda af því að slík birting færi ekki fram. Lagði Persónuvernd því fyrir Advania að stöðva birtingu á netföngum notenda Signet-þjónustunnar og senda á því staðfestingu til Persónuverndar eigi síðar en 3. janúar 2023. Hvað varðar birtingu á kennitölu kvartanda taldi Persónuvernd að Advania gæti haft lögmæta hagsmuni af því að upplýsingar um kennitölu væru aðgengilegar í gegnum þjóðskrá, til

þess að tryggja örugga persónugreiningu viðtakenda, en að ekki hefði verið gætt meðalhófs við vinnsluna.

Vinnsla persónuupplýsinga af hálfu Vefmiðlunar ehf.

Mál nr. 2021020451

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir vinnslu persónuupplýsinga af hálfu Vefmiðlunar ehf. Nánar tiltekið var kvartað yfir birtingu persónuupplýsinga um kvartanda í dómsúrlausnum á vefsíðu Manor, www.manor.is. Niðurstaða Persónuverndar var sú að dómstólar bæru ábyrgð á því hvaða persónuupplýsingar birtust í dómsúrlausnum á vefsíðum dómstólanna. Þeir sem gefa út dóma eða veita aðgang að þeim, eins og þeir birtast á vefsíðum dómstóla landsins eða í útgefnum ritum dómstólanna, geti ekki verið ábyrgðaraðilar hvað varðar ákvörðun um hvaða persónuupplýsinga eigi að afmá úr dómum. Vinnsla Vefmiðlunar ehf. var því talin hafa samrýmt lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Vinnsla persónuupplýsinga af hálfu Íslenskrar erfðagreiningar ehf.

Mál nr. 2021010248

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir synjun Íslenskrar erfðagreiningar ehf. á beiðni um eyðingu persónuupplýsinga um kvartanda og ólöggráða barn hans úr Íslendingabók. Jafnframt var áréttuð sú krafa að ákveðið yrði að Íslendingabók væri óheimilt að skrá, vista, vinna, birta og miðla með öllum hugsanlegum hætti persónuupplýsingum um kvartanda og barn hans. Niðurstaða Persónuverndar var sú að Íslenskri erfðagreiningu ehf. var heimilt að synja beiðni kvartanda um eyðingu persónuupplýsinga hans og ólöggráða barns hans úr gagnagrunni og af vefsíðu Íslendingabókar.

Vinnsla félagsþjónustu á persónuupplýsingum

Mál nr. 2020061965

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir miðlun persónuupplýsinga félagsþjónustu sveitarfélags um kvartanda og börn hans til föður elsta barnsins. Nánar tiltekið var kvartað yfir því að félagsþjónustan hafi sent bréf til föður elsta barns kvartanda með persónuupplýsingum um hann sjálfan og þrjú önnur börn hans, þar á meðal viðkvæmar persónuupplýsingar um kvartanda og full nöfn og kennitölur hinna barnanna. Niðurstaða Persónuverndar var sú að miðlun viðkvæmra persónuupplýsinga um kvartanda hafi samræmt lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga með tilliti til efnis tilkynningarinnar og athugunar félagsþjónustunnar. Hvað varðar miðlun á nöfnum og kennitölum annarra barna kvartanda til föður elsta barns kvartanda sem ekki fór með forsjá þeirra, var það mat Persónuverndar að vinnslan hafi ekki samrýmt lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Vinnsla persónuupplýsinga af hálfu Sjálfsbjargar, landssambands hreyfihamlaða

Mál nr. 2021112121

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir vinnslu persónuupplýsinga af hálfu Sjálfsbjargar, landssambands hreyfihamlaða. Nánar tiltekið var kvartað yfir stofnun valgreiðslukröfu í heimabanka kvartanda án þess að hann hefði óskað eftir því eða verið í viðskiptasambandi við Sjálfsbjörgu. Niðurstaða Persónuverndar var sú að Sjálfsbjörg hefði ekki metið sérstaklega þá lögmætu hagsmuni sem sambandið gætir, um hvort vinnslan hafi verið nauðsynleg í þágu þeirra hagsmuna eða hvort lögmætir hagsmunir þess af umræddri vinnslu hafi vegið þyngra en hagsmunir hins skráða. Samræmdist vinnslan því ekki lögum og lagt fyrir Sjálfsbjörgu að stöðva vinnslu persónuupplýsinga um kvartanda og senda staðfestingu á því til Persónuverndar eigi síðar en 5. janúar 2023.

Vinnsla persónuupplýsinga af hálfu Íslandsbanka hf.

Mál nr. 2022020333

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir vinnslu persónuupplýsinga hjá Íslandsbanka. Nánar tiltekið laut kvörtunin að því að Íslandsbanki hefði miðlað upplýsingum um skuldastöðu kvartanda til annarra sem áttu fasteign í sama húsi og kvartandi. Niðurstaða Persónuverndar var sú að Íslandsbanki hefði ekki gætt viðeigandi öryggis við miðlun persónuupplýsinga kvartanda og lagði stofnunin fyrir Íslandsbanka að gera ráðstafanir til að tryggja að viðeigandi öryggi yrði eftirleidis viðhaft.

Birting leitarniðurstaðna í leitarvél Google

Mál nr. 2021101963

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem fjallað var um rétt einstaklings til að fá eytt upplýsingum um sig sem birtar voru í leitarniðurstöðum í leitarvél Google, þegar leitað var eftir nafni viðkomandi. Niðurstaða Persónuverndar var sú, með hliðsjón af atvikum málsins, stöðu kvartanda og þeim tíma sem liðinn væri frá atburðinum sem fjallað var um í tilgreindum leitarniðurstöðum, að einkalífsverndarhagsmunir kvartanda og réttur hans til að gleymast væru ríkari og gengju framur hagsmunum almennings af því að hafa aðgang að umræddum upplýsingum um kvartanda. Var það því jafnframt niðurstaða Persónuverndar að Google LLC bæri að fjarlægja þær vefsíður sem kvörtunin tók til úr niðurstöðum leitar að nafni kvartanda í leitarvél Google. Í ljósi þess að úrskurðurinn innihélt nákvæmar upplýsingar um kvartanda, jafnvel þó persónuauðkenni yrðu afmáð, ákvað Persónuvernd að birta ekki úrskurðinn í heild sinni.

Vinnsla persónuupplýsinga af hálfu Embættis landlæknis

Mál nr. 2021112113

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir vinnslu persónuupplýsinga af hálfu Embættis landlæknis. Nánar tiltekið var kvartað yfir því að Embætti landlæknis hefði miðlað persónuupplýsingum um kvartanda í bréfi til félagasamtaka í kjölfar ábendinga samtakanna til embættisins varðandi meðferð sjúklinga á því sviði Landspítala sem kvartandi stýrði. Hafði bréfið að geyma upplýsingar um að kvartandi væri kominn í ótímabundið leyfi og annar tekinn við starfi hans. Niðurstaða Persónuverndar var sú að upplýsingar um kvartanda sem fram komu í umræddu bréfi hefðu verið efnislega takmarkaðar en vörðuðu þó beinlínis úrræði sem gripið hafði verið til í tengslum við ábendingar félagasamtakanna. Persónuvernd taldi fyrirkomulag upplýsingagjafarinnar af hálfu Embættis landlæknis hafa verið sanngjarnt og jafnframt að tryggt hefði verið að upplýsingarnar væru nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt var miðað við tilgang vinnslunnar, þ.e. að upplýsa aðila máls um stöðu þess og efni málgagna.



Álit, umsagnir, erindi og fleira

Álit um veitingu netaðgangs að upplýsingum um eigendur ökutækja

Mál nr. 2020010416

Persónuvernd veitti Samgöngustofu álit um birtingu upplýsinga um eigendur og umráðamenn ökutækja í ökutækjaskrá í sérstakri vefgátt. Í álitinu var komist að þeirri niðurstöðu að birtingin gæti samrýmt lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga að því gefnu að gerðar væru viðeigandi ráðstafanir til að vernda réttindi skráðra einstaklinga. Var Samgöngustofu leiðbeint um að senda Persónuvernd drög að uppfærðum starfsreglum um miðlun upplýsinga úr skránni þar sem slíkum ráðstöfunum væri lýst.

Ráðgjöf vegna uppsetningar eftirlitsmyndavéla í og við grunnskóla

Persónuvernd veitti ráðgjöf í kjölfar beiðni Reykjanesbæjar um fyrirframsamráð vegna uppsetningar eftirlitsmyndavéla í og við grunnskóla bæjarins. Með hliðsjón af erindi Reykjanesbæjar taldi Persónuvernd ekki ástæðu til að gera athugasemd við að vinnsla persónuupplýsinga vegna rafrænnar vöktunar við grunnskóla bæjarins hæfist. Afstaða stofnunarinnar byggði á því að þær forsendur sem lýst var í erindinu stæðust, þ. á m. að gripið væri til þeirra ráðstafana sem tilgreindar voru í mati á áhrifum um persónuvernd áður en vöktunin hæfist og að tryggt væri að hið vaktada svæði næði ekki til svæða utan séreignasvæðis hvers skóla.

Svar við erindi í tengslum við gagnaöflun og samkeyrslur vegna bólusetninga barna við COVID-19

Mál nr. 2021122443

Persónuvernd veitti svar við erindi frá sóttvarnalækni þar sem spurt var hvort leyfi þyrfti til vinnslu persónuupplýsinga í aðdraganda bólusetninga barna við COVID-19. Í svari Persónuverndar kom fram að ekki væri um að ræða vinnslu sem félli undir leyfisskyldu hjá stofnuninni. Þá var sóttvarnalækni leiðbeint um að gæta þyrfti að einkalífsrétti barna.

Svar við erindi um sjálfvirka flokkun Covid-19-sjúklinga

Persónuvernd veitti svar við erindi frá Landspítalanum um sjálfvirka flokkun Covid-19-sjúklinga á grundvelli rafrænna spurningalista. Í erindinu kom fram að ráðgert væri að færa einkennalaus einstaklinga í hóp sem eingöngu yrði haft rafrænt eftirlit með. Í því sambandi var meðal annars spurt hvort um væri að ræða leyfisskyldar samkeyrslur hjá Persónuvernd. Í svari stofnunarinnar sagði að svo væri ekki og voru ekki gerðar athugasemdir að öðru leyti.

Álit um persónuvernd og tjáningu einstaklinga á Netinu

Mál nr. 2021091863

Persónuvernd veitti álit á lagaumhverfi tjáningar einstaklinga á Netinu, einkum með tilliti til valdheimilda stofnunarinnar. Greint er ítarlegra frá álitinu í kaflanum „Ítarleg umfjöllun um tvö mál“.

Álit um meðferð beiðna um eyðingu upplýsinga úr Íslendingabók

Mál nr. 2021020473

Persónuvernd veitti álit um hvenær synja mætti beiðnum einstaklinga um að upplýsingum um þá yrði eytt úr gagnagrunni vefsíðunnar www.islendingabok.is. Í álitinu var komist að þeirri niðurstöðu að ábyrgðaraðilar þyrftu að leggja mat á þá hagsmuni sem í hlut ættu hverju sinni með hliðsjón af því markmiði Íslendingabókar að tengja einstaklinga saman eftir skyldleika. Meta þyrfti hvort þær upplýsingar sem óskað væri eftir að yrði eytt hefðu raunverulega þýðingu fyrir ættfræðirannsóknir. Heimilt gæti verið að hafna beiðni um eyðingu upplýsinga þegar það væri tilfellið.

Álit um auðkenningu leghálssýna sem send eru til Danmerkur

Mál nr. 2021051130

Persónuvernd veitti álit um auðkenningu leghálssýna sem send voru frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins til Danmerkur til skimana fyrir krabbameini, en fram hafði komið að við skimanirnar væri notast við danskar gervikennitölur til auðkenningar sýnum og upplýsingum um þau. Tók Persónuvernd til skoðunar öryggisáætlu sem þessu gæti fylgt, þ.e. að ruglingur gæti orðið við endurmerkingu rannsóknarniðurstaðna með íslenskum kennitölum. Í skýringum sem bárust frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins var lýst ráðstöfunum til að tryggja öryggi í þessum efnum og varð niðurstaðan í álitinu Persónuverndar sú að ekki gæfist sérstakt tilefni til athugasemda við þær ráðstafanir.

Birting Skattsins á svonefndum válista

Mál nr. 2021061262

Persónuvernd veitti álit um birtingu Skattsins á svonefndum válista, þ.e. lista yfir þá sem sætt höfðu áætlun virðisaukaskatts. Hefur slík áætlun í för með sér að viðkomandi eru teknir af virðisaukaskattsskrá þannig að þeir sem átt hafa viðskipti við þá geta ekki sótt um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna þeirra viðskipta. Fyrir lá að afskráning samfara brottfalli endurgreiðsluréttar gæti helgast af öðrum ástæðum en áætlun skatts. Þá var með uppflettingum í virðisaukaskattsskrá unnt að komast að því hvort einstaklingar væru þar skráðir. Var talið samkvæmt þessu að birting umrædds válista hefði ekki samrýmt

grunnkröfum um sanngirni, skýrt tilgreindan, lögmætan tilgang og meðalhóf við vinnslu persónuupplýsinga.

Álit um leitargrunninn Heilsubrunn

Mál nr. 2021040993

Persónuvernd veitti heilbrigðisvísindasviði Háskóla Íslands (HÍ) álit í kjölfar umsóknar um leyfi fyrir vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við verkefni sem nefnt er Heilsubrunnur, en því er ætlað að gera rannsakendum kleift að senda tölulegar fyrirspurnir í gagnagrunna með heilbrigðisupplýsingum. Í leyfisbeiðninni kom fram að HÍ og Embætti landlæknis hefðu gert með sér samning um fyrsta þátt þessa verkefnis sem fæli í sér gerð skráar í þessu skyni með upplýsingum úr dánarmeinaskrá landlæknis. Samkvæmt álitu Persónuverndar féll þessi vinnsla ekki undir leyfisskyldu hjá stofnuninni. Jafnframt taldi stofnunin hins vegar reyna á 13. gr. a í lögum nr. 110/2000 um lífsýnasöfn og söfn heilbrigðisupplýsinga, sbr. lög nr. 45/2014, þar sem fjallað er um svonefnda leitargrunna. Á grundvelli þessa ákvæðis geta heilbrigðisstofnanir ríkis og sveitarfélaga starfrækt slíka grunna að fengnu leyfi ráðherra. Taldi Persónuvernd verkefnið Heilsubrunn falla hér undir og benti á að embætti landlæknis verður ekki talið til heilbrigðisstofnunar, sbr. skilgreiningu þar á í 6. tölul. 4. gr. laga nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu. Þá var ekki talið að um ræddi gagnagrunn sem landlæknir mætti halda á grundvelli laga nr. 41/2007 um landlækni og lýðheilsu. Var niðurstaða Persónuverndar því sú að eins og á staði rúmaðist umrædd vinnsla á upplýsingum úr dánarmeinaskrá ekki innan heimildar ákvæða persónuverndarlöggjafarinnar.

Ráðgjöf til Landspítala í kjölfar fyrirframsamráðs

Persónuvernd veitti Landspítalanum ráðgjöf í kjölfar beiðni spítalans um fyrirframsamráð í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga við veitingu á fjarheilbrigðisþjónustu með smáforriti fyrirtækisins Sidekick Health ehf. Persónuvernd beindi tilmælum til spítalans í 14 liðum. Tilmælin lutu meðal annars að því að spítalinn aðgreindi með skýrum hætti hlutverk sitt sem ábyrgðaraðila og hlutverk Sidekick Health sem vinnsluaðila, að gögn sem vistuð væru hjá bandarískum fyrirtækjum og búnaður sem notaður væri til geymslu gagnanna lyti hvorki stjórnun né viðhaldi eininga sem staðsettar væru á bandarísku yfirráðasvæði, að spítalinn veitti hinum skráðu fullnægjandi fræðslu um vinnsluna og að starfsfólk fengi viðeigandi þjálfun. Persónuvernd gerði ekki athugasemdir við að vinnslan færi fram, að því gefnu að farið yrði að tilmælum stofnunarinnar, sem og þeim ráðstöfunum sem lýst var í erindi spítalans þ. á m. mati á áhrifum á persónuvernd.

Álit um bókmyndavélar hjá Aðstoð og Öryggi ehf.

Mál nr. 2021091750

Persónuvernd veitti álit í kjölfar fyrirspurnar frá fyrirtækinu Aðstoð og Öryggi ehf. um heimild til varðveislu upptaka úr bókmyndavélum, sem starfsmenn noti á vettvangi umferðaróhappa, vegna gerð tjönaskýrslna. Litið var til þeirra skýringa fyrirtækisins að upptökurnar hefðu mikla þýðingu við úrlausn mála vegna umferðaróhappa. Með hliðsjón af því var fallist á varðveislu upptaka í 365 daga að því gefnu, meðal annars, að öryggi þeirra væri tryggt. Þá var í álitinu farið yfir hvernig varðveislun horfði við heimildar ákvæðum persónuverndarlöggjafarinnar, svo og meginreglum hennar um málefnalegan tilgang, meðalhóf o.fl., auk þess sem gerð var athugasemd við að ekki hefði farið fram mat á áhrifum á persónuvernd.

Álit um heimild Hagstofunnar til öflunar starfsmannalista vegna launarannsóknar

Mál nr. 2021071464

Persónuvernd veitti álit í tilefni af fyrirspurn frá Lyf og heilsu hf. um heimild til afhendingar gagna til Hagstofu Íslands í þágu launarannsóknar, þ.e. starfsmannalista sem hafði meðal annars að geyma nöfn og kennitölur. Í álitinu var vísað til þess að lögum samkvæmt skuli Hagstofan afla persónubundinna upplýsinga um einstaklinga úr opinberum skrá og stjórnsýslugögnum eftir því sem kostur er en ella frá viðkomandi einstaklingum sjálfum. Í ljósi þess var komist að þeirri niðurstöðu að heimild hafi ekki staðið til öflunar umrædds starfsmannalista.

Synjað um afmörkun rannsóknarúrtaks á grundvelli nethegðunar

Mál nr. 2021122418

Í samræmi við lög um vísindarannsóknir á heilbrigðisviði var viðbót við rannsókn á vegum alþjóðlega lyfjafyrirtækisins Amgen og héraðs læknis send Persónuvernd til umfjöllunar frá Vísindasiðanefnd. Sótt var um heimild til notkunar breytna af samfélagsmiðlum til að senda fólki auglýsingu um rannsóknina. Greint er ítarlegra frá erindinu í kaflanum „Ítarleg umfjöllun um tvö mál“.

Álit á samþykkiseyðublaði fyrir notkun á smáforriti hjá Landspítalanum

Mál nr. 2021071529

Persónuvernd veitti álit á samþykkiseyðublaði sem Landspítalinn hugðist nota vegna smáforrits sem spítalinn væri að þróa. Álituð varðar eingöngu hvort samþykkiseyðublaðið væri talið uppfylla skilyrði persónuverndarlöggjafarinnar fyrir samþykki og fræðslu. Að mati Persónuverndar var ekki ástæða til að ætla að vinnslan bryti í bága við persónuverndarlöggjöfina, að gættum tilteknum atriðum. Meðal annars þyrfti að gæta að fræðslu

um rétt hins skráða til að draga samþykki sitt til baka, að samþykki fyrir vinnslunni yrði ekki skilyrði til að fá þjónustu, að staðsetningargögnum yrði ekki safnað um hinn skráða utan spítalans og skýrt yrði fyrir hinum skráða hvernig skilaboð innan forritsins birtust starfsmönnum.

Svar til Skattsins um heimild til afhendingar upplýsinga um hlutafjäreign

Mál nr. 2022091540

Persónuvernd sendi Skattinum bréf þar sem sjónarmiðum í tengslum við samspil persónuverndarlöggjafar og upplýsingalaga var lýst. Skattinum hafði borist beiðni um heildarhluthafalista tiltekins félags og af því tilefni óskað eftir ráðgjöf frá ráðgjafa um upplýsingarétt almennings. Skatturinn sendi afrit af þeirri ósk til Persónuverndar með vísan til ráðgjafarhlutverks stofnunarinnar. Í bréfi Persónuverndar til Skattsins var veitt ráðgjöf sem kom til fyllingar fyrri umfjöllun stofnunarinnar í tengslum við slíkar upplýsingar, þ. á m. heimild til birtingar þeirra á grundvelli almannahagsmuna. Meðal þess sem rakið var í því sambandi var hvernig afmarka bæri valdmörk Persónuverndar og úrskurðarnefndar um upplýsingamál, auk þess sem áréttuð voru sjónarmið um að eftir því sem víðtækari upplýsingar væru gerðar aðgengilegar yrði að gera ríkari kröfur til lagaheimildarinnar.

Álit á afhendingu upplýsinga úr sakaskrá við ráðningu kennara og skólastjórnenda

Mál nr. 2022091444

Persónuvernd veitti ríkissaksóknara álit á því hvort 3. mgr. 12. gr. laga nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, feli í sér heimild til að veita upplýsingar úr sakaskrá um alla umsækjendur starfs. Í áliti Persónuverndar kom fram að af orðalagi lagákvæðisins sem og lögskýringagagna yrði ekki séð að heimild til öflunar sakaskrár ætti við um alla umsækjendur starfs, heldur eingöngu þess einstaklings sem talinn hefði verið hæfastur til að sinna viðkomandi starfi áður en gengið væri frá ráðningu hans. Einnig var óskað álits á því hvort liggja þyrfti fyrir staðfesting á að viðkomandi hafi verið veitt fræðsla um að upplýsingar verði sóttar. Í því sambandi benti Persónuvernd á að þegar vinnsla persónuupplýsinga byggist á annars konar heimild en samþykki verði ekki talið að liggja þurfi fyrir yfirlýsing hins skráða um að hann fallist á vinnsluna. Eftir atvikum geti þó verið ástæða til þess að hinn skráði staðfesti að hann hafi fengið fræðslu um vinnsluna.

Svar við erindi varðandi afhendingu upplýsinga um launaseðla, ráðningasamninga og tímaskráningu starfsmanna frá vinnuveitanda til stéttarfélags

Mál nr. 2022101691

Persónuvernd veitti Verkalýðsfélagi Suðurlands álit á því hvort félaginu væri heimilt að óska eftir launaseðlum, ráðningarsamningum og tímaskráningum starfsmanna frá vinnuveitanda í eftirlitsskyni. Í álitinu var komist að þeirri niðurstöðu að stéttarfélaginu gæti verið heimilt að vinna með upplýsingar um föst laun einstakra starfsmanna og stéttarfélagsaðild þeirra á grundvelli lögmætra hagsmuna, sbr. 6. tölul. 9. gr. og 4. tölul. 11. gr. laga nr. 90/2018, enda lögbundið hlutverk stéttarfélaganna að gæta hagsmuna félagsmanna sinna. Ef fyrirhugað væri að vinna með frekari upplýsingar, s.s. um heildarlaun eða tilfallandi greiðslur vegna yfirvinnu, væri að mati Persónuverndar nauðsynlegt að afla samþykkis hinna skráðu fyrir þeirri vinnslu. Einnig var félaginu bent á að nauðsynlegt væri að veita hinum skráðu viðeigandi fræðslu innan hæfilegs tíma eftir að hafa fengið persónuupplýsingar afhentar.

Umsagnir

Persónuvernd veitti 24 umsagnir á árinu, ýmist til Alþingis eða ráðuneyta. Meðal þeirra helstu voru umsögn um frumvarp til sóttvarnarlaga, um lög um nafnskírteini, um breytingar á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og lögum um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi, umsögn um lög um landamæri auk umsagnar um breytingar á lögreglulögum.





Ítarleg umfjöllun um tvö mál

Álit - Persónuvernd og tjáning einstaklinga á Netinu

Mál nr. 2021091863

Persónuvernd berast fjölmörg erindi á ári hverju er varða tjáningu einstaklinga á Netinu og þá vinnslu persónuupplýsinga sem sú tjáning kann að fela í sér.

Er þar jafnt um að ræða ábendingar, almennar fyrirspurnir og kvartanir. Af þeirri ástæðu gaf Persónuvernd út álit á lagaumhverfi tjáningar einstaklinga á Netinu, einkum með tilliti til valdheimilda stofnunarinnar.

Er álitinu annars vegar ætlað að skýra frekar hlutverk Persónuverndar og valdmörk að því er varðar tjáningu og tjáningarfrelsi. Hins vegar er því ætlað að auðvelda fólki að átta sig á því hvenær það heyrir undir valdsvið Persónuverndar að skera úr um ágreining á því sviði og hvenær það heyrir fremur undir dómstóla.

Í álitinu var komist að þeirri niðurstöðu að Persónuvernd er ekki bær til að taka afstöðu til þess hvort tjáning sé í samræmi við lög heldur heyrir mat á því undir dómstóla. Var í álitinu bent á að persónuverndarlög fela hvorki í sér heimild né skyldu til að úrskurða um mörk tvennra eða fleiri réttinda samkvæmt ákvæðum stjórnarskrárinnar, í þessu tilviki tjáningarfrelsisins og friðhelgi einkalífs. Þá var áréttað að þegar samhliða tjáningu einstaklings eru birtar upplýsingar úr gögnum af einhverju tagi eða gagnagrunnum, sem hafa að geyma persónuupplýsingar, getur Persónuvernd eftir atvikum fjallað efnislega um slíka birtingu.

Notkun breytna á samfélagsmiðlum í vísindarannsókn

Mál nr. 2021122418

Persónuvernd veitti umsögn til Vísindasiðanefndar í samræmi við lög um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði vegna viðbótar við rannsókn á vegum alþjóðlega lyfjafyrirtækisins Amgen og héraðs læknis.

Í erindinu var óskað eftir heimild til notkunar breytna af samfélagsmiðlum til að senda fólki auglýsingu um rannsóknina sem laut að svörum við meðferð með lyfi við mígreni. Var annars vegar um að ræða einstaklinga á aldrinum 18-50 ára sem búa á stórhöfuðborgarsvæðinu og hins vegar einstaklinga sem hafa flett upp síðum tengdum mígreni eða líkað við slíkar síður.

Persónuvernd gerði ekki athugasemdir við notkun breytna um aldur og búsetu á stórhöfuðborgarsvæðinu þar sem vinnslan var talin geta rúmast innan heimildarákvæða persónuverndarlöggjafarinnar á grundvelli lögmætra hagsmuna. Notkun upplýsinga um nethegðun, sem gæfi vísbendingu um að fólk væri með mígreni, var hins vegar álitin óheimil. Var einkum litið til þess að ekki lá fyrir að unnt væri að tryggja afdráttarlaust samþykki hinna skráðu fyrir vinnslunni, sem myndi fela í sér vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga.

Erlent samstarf

Á árinu 2022 fór erlent samstarf Persónuverndar að miklu leyti fram með notkun fjarfundabúnaðar, einkum á fyrri hluta ársins, vegna þeirra takmarkana sem voru í gildi vegna Covid-19.

Samstarf norrænna persónuverndarstofnana

Sameiginlegur fundur norrænna persónuverndarstofnana var haldinn í Helsinki dagana 13.-14. október 2022. Fundurinn var sóttur af forstjóra Persónuverndar, yfirlögfræðingi, sviðsstjórum og sérfræðingi í upplýsingaöryggi. Helstu umræðuefni fundarins voru persónuvernd barna, bestu starfsvenjur við úrlausn mála, upplýsingalöggjöf á Norðurlöndunum og drög að nýrri löggjöf um sameiginlegt evrópskt svæði fyrir heilsufarsupplýsingar (e. European Health Data Space). Á fundinum undirrituðu forstjórar norrænu persónuverndarstofnananna svokallaða Helsinkiyfirlýsingu um áframhaldandi samstarf.

Starfsmenn norrænna persónuverndarstofnana eiga í reglulegum upplýsingaskiptum í tengslum við ýmis mál. Til að mynda áttu persónuverndarfulltrúar stofnananna samstarf og funduðu á árinu. Samstarfinu er ætlað að auka upplýsingaflæði milli persónuverndarfulltrúa og stuðla þannig meðal annars að betri upplýsingaskiptum og einsleitni í framkvæmd persónuverndarlöggjafarinnar.



Evrópskt og alþjóðlegt samstarf Starf Evrópska persónuverndarráðsins

Evrópska persónuverndarráðið (EDPB) er sjálfstæð stofnun innan Evrópusambandsins sem komið var á fót með almennu persónuverndarreglugerðinni (GDPR), sem tók gildi 25. maí 2018. Ráðinu er ætlað að stuðla að samræmdri beitingu persónuverndarreglna á Evrópska efnahagssvæðinu og samvinnu á milli persónuverndarstofnana svæðisins. Persónuvernd á sæti í ráðinu.

Evrópska persónuverndarráðið hélt 15 fundi á árinu 2022. Voru 11 fundir haldnir með notkun fjarfundabúnaðar en fjórir fóru fram í Brussel.

Á árinu var samþykktur fjöldi leiðbeininga, álita, tilmæla og ákvarðana í ráðinu.

Lista yfir öll skjöl sem samþykkt voru má finna á vefsíðu ráðsins https://edpb.europa.eu/edpb_en.



Þátttaka í sérfræðingahópum Evrópska persónuverndarráðsins

Evrópska persónuverndarráðið starfrækir fjölda sérfræðinga- og vinnuhópa (e. Expert Subgroups og taskforces) sem fjalla um vinnslu persónuupplýsinga á afmörkuðum sviðum og önnur sameiginleg málefni persónuverndarstofnana sem eiga aðild að ráðinu. Á vettvangi þessara sérfræðingahópa er meðal annars unnið að undirbúningi mála sem tekin eru fyrir á fundum ráðsins, svo sem leiðbeininga og álita, og önnur sameiginleg málefni rædd.

Persónuvernd hefur á árinu aukið þátttöku sína jafnt og þétt í undirhópum ráðsins enda er þátttaka í þeim grundvöllur allra verkefna þess. Þá er þátttaka í starfi ráðsins grundvallaratriði í að tryggja samræmda túlkun ákvæða persónuverndarlöggjafarinnar á Evrópska efnahagssvæðinu.

Aukin notkun fjarfundabúnaðar hefur gert stofnuninni auðveldara að taka þátt í starfi ráðsins.

Á árinu 2022 tók Persónuvernd þátt í starfi nokkurra hópa innan Evrópska persónuverndarráðsins og er gerð nánari grein fyrir starfi þeirra hér á eftir.

Sérfræðingahópur EDPB um lykilákvæði persónuverndarreglugerðarinnar

Á árinu voru haldnir 6 fundir í sérfræðingahópi um lykilákvæði almennu persónuverndarreglugerðarinnar (e. Key Provisions Expert Subgroup). Verkefni hópsins lúta einkum að gerð leiðbeininga um helstu ákvæði persónuverndarreglugerðarinnar í því skyni að tryggja samræmda túlkun á Evrópska efnahagssvæðinu.

Sérfræðingahópur EDPB um flutning persónuupplýsinga milli landa

Sérfræðingahópur um flutning persónuupplýsinga milli landa (e. International Transfer Expert Subgroup) fundaði 13 sinnum á árinu.

Hópurinn afgreiðir einstök mál, svo sem bindandi fyrirtækjareglur (e. Binding Corporate Rules), undirbúning ákvarðana Evrópska persónuverndarráðsins og stefnumótun í málaflokknum almennt.

Á vegum sérfræðingahópsins var haldin vinnustofa í Króatíu dagana 17.-18. maí um bindandi fyrirtækjareglur sem Persónuvernd sótti.

Sérfræðingahópur EDPB um reglufylgni, stafræna stjórnýslu og heilbrigðismál

Á árinu voru haldnir 17 fundir í sérfræðingahópi um reglufylgni, stafræna stjórnýslu og heilbrigðismál (e. Compliance, E-Government and Health Expert Subgroup). Hópurinn sér um afgreiðslu einstakra mála, svo sem vottana vegna hátternisreglna, samræmingu viðbragða í einstaka málum, undirbúning ákvarðana Evrópska persónuverndarráðsins og stefnumótun í málaflokknum almennt. Meðal annars var unnið að leiðbeiningum vegna vísindarannsókna á heilbrigðissviði, en fulltrúar Persónuverndar höfðu beina aðkomu að þeirri vinnu.

Sérfræðingahópur EDPB um upplýsingatækni

Sérfræðingahópur um upplýsingatækni (e. Technology Expert Subgroup) fundaði 13 sinnum á árinu. Meðal annars var unnið að málum tengdum net- og upplýsingaöryggi, vinnslu persónuupplýsinga hjá samfélagsmiðlum og í upplýsingasamfélaginu almennt, t.a.m. í þágu markaðssetningar.

Stefnumótandi sérfræðingahópur EDPB

Á árinu voru haldnir þrjú fundir í stefnumótandi sérfræðingahópi (e. Strategic Advisory Expert Subgroup). Hópurinn undirbýr stefnumótandi ákvarðanir sem varða Evrópska persónuverndarráðið áður en þær eru lagðar fyrir ráðið til ákvörðunar. Einnig eru ræddar og teknar ákvarðanir í málum sem vísað er til hópsins frá öðrum sérfræðingahópum.

Aðrir sérfræðingahópar EDPB

Persónuvernd fylgist með helstu málefnum hjá flestum undirhópum Evrópska persónuverndarráðsins en hefur ekki tók á því að taka beinan þátt í þeim öllum. Eftirtaldir sérfræðingahópar eru, auk þeirra sem Persónuvernd tekur beinan þátt í, einnig starfræktir á vegum ráðsins.

- Sérfræðingahópur EDPB um löggæslu, landamæri og farþegaupplýsingar (e. Borders, Travel and Law Enforcement Expert Subgroup)

- Sérfræðingahópur EDPB um samvinnu (e. Cooperation Expert Subgroup)
- Sérfræðingahópur EDPB um eftirlit og framfylgni (e. Enforcement Expert Subgroup)
- Sérfræðingahópur EDPB um fjárhagsleg málefni (e. Financial Matters Expert Subgroup)
- Sérfræðingahópur EDPB um samfélagsmiðla (e. Social Media Expert Subgroup)
 - Sérfræðingahópur EDPB um upplýsingakerfi (e. IT Users Expert Subgroup)

Þátttaka í vinnuhópum Evrópska persónuverndarráðsins

Vinnuhópur um samræmdar eftirlitsaðgerðir persónuverndarstofnana á Evrópska efnahagssvæðinu

Á vegum ráðsins starfar vinnuhópur um samræmdar eftirlitsaðgerðir persónuverndarstofnana á Evrópska efnahagssvæðinu (e. Coordinated Enforcement Framework). Hópurinn vinnur að samræmdum eftirlitsaðgerðum á viðfangsefnum sem persónuverndarstofnanir velja sameiginlega. Aðgerðunum er markvisst fylgt eftir, bæði á landsvísi og á vettvangi Evrópska efnahagssvæðisins. Á árinu 2022 fór fram fyrsta samræmda aðgerðin en hún laut að notkun opinberra aðila á skýjaþjónustu og tóku 22 persónuverndarstofnanir þátt, þ. á m. Persónuvernd. Þátttaka Persónuverndar fólst í úttektum á notkun sveitarfélaga á skýjaþjónustu í grunnskólasterfi.

Samráðshópur persónuverndarfulltrúa persónuverndarstofnana

Á vegum Evrópska persónuverndarráðsins starfar samráðshópur persónuverndarfulltrúa persónuverndarstofnana (e. EDPB Data Protection Officer Network). Samstarfinu er ætlað að auka upplýsingaflæði milli persónuverndarfulltrúa og stuðla þannig meðal annars að betri upplýsingaskiptum og einsleitni í framkvæmd persónuverndarlöggjafarinnar.

101 Taskforce

Persónuvernd tók þátt í starfi vinnuhóps um kvartanir sem samtökin „None of Your Business“, öðru nafni „NOYB“, lögðu fram í kjölfar dóms Evrópudómstólsins í Schrems II-málinu. Samanlagt lögðu samtökin fram 101 kvörtun hjá persónuverndarstofnunum innan Evrópska efnahagssvæðisins varðandi notkun tiltekinna ábyrgðaraðila á þjónustum Google og Facebook. Vinnuhópurinn hélt níu fundi á árinu.

Þátttaka í eftirlitsnefnd um umfangsmikil upplýsingakerfi á vegum Evrópusambandsins

Á vegum Evrópska persónuverndarráðsins voru haldnir fundir eftirlitsnefndar sem hefur það hlutverk að hafa eftirlit með meðferð persónuupplýsinga í umfangsmiklum

upplýsingakerfum á vegum Evrópusambandsins (e. Coordinated Supervision Committee). Kerfi sem nefndin hefur eftirlit með eru IMI, SIS, Eurojust, EPPO og Europol, og situr Persónuvernd þá fundi sem varða IMI og SIS. Fyrirhugað er að nefndin taki á næstu árum við eftirliti með VIS, EURODAC, ETIAS o.fl. Haldnir voru tveir fundir á árinu.

Samstarf á vegum Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar tengt Schengen-upplýsingakerfinu, VIS-gagnagrunninum og Eurodac-fingrafarakerfinu

Á vegum Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar (EDPS - European Data Protection Supervisor) voru haldnir fundir nefndar sem hefur eftirlit með meðferð persónuupplýsinga í Schengen-upplýsingakerfinu (e. Schengen Information System II Supervision Coordination Group). Í nefndinni eru fulltrúar frá persónuverndarstofnunum viðkomandi ríkja og samhæfa þeir eftirlit sitt á umræddum fundum. Haldnir voru tveir fundir á árinu.

Einnig eru á vegum EDPS haldnir fundir nefndar til samræmingar á eftirliti með VIS-gagnagrunninum (e. VIS Supervision Coordination Group). VIS stendur fyrir „Visa Information System“, en þar er um að ræða tölvukerfi með margvíslegum upplýsingum um þá sem sækja um vegabréfsáritun í einhverju

aðildarríkja Schengen, þ. á m. fingraförum viðkomandi og ljósmyndum. Í nefndinni eru fulltrúar frá persónuverndarstofnunum viðkomandi ríkja. Haldnir voru tveir fundir á árinu.

Að auki eru á vegum EDPS haldnir fundir nefndar sem hefur eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga í Eurodac-fingrafarakerfinu (e. EURODAC Supervision Coordination Group). Í það kerfi eru skráðar upplýsingar um fingraför umsækjenda um alþjóðlega vernd, þeirra sem dvelja ólöglega í aðildarríki eða koma ólöglega yfir landamæri og er ekki vísað frá. Gagnagrunnurinn er notaður til að auðkenna viðkomandi einstaklinga í tengslum við framkvæmd Dyflinnarreglugerðarinnar sem fjallar um ákvarðanir er lúta að því hvaða aðildarríki fari með tilteknar hælisumsóknir. Haldnir voru tveir fundir á árinu.

44. alþjóðaráðstefna persónuverndarstofnana (e. Global Privacy Assembly)

44. alþjóðaráðstefna persónuverndarstofnana var haldin dagana 25.-28. október í Istanbul í Tyrklandi. Yfirskrift ráðstefnunnar var „A Matter of Balance: Privacy in The Era of Rapid Technological Advancement“ og sótti forstjóri Persónuverndar hana.



